Bls. 10-11
Hvaða eldgos ert þú?

Bls. 11
Femata

Bls. 18
Tónlistategund vs Persónuleiki

Hvaða innihaldsefni í grænmetislasanja ert þú?
Bls. 6

Framhaldsskólablaðið

4. tölublað skólaárið 2020-2021 • Gefið út af Sambandi íslenskra framhaldsskólanema • Dreift frítt í alla framhaldsskóla landsins

APRÍL 2021

Instagram síðan ANTIRASISTAR

Valgerður

Anna

“

Það er kominn tími til að láta hvítu fólki líða óþægilega

”

Kristín

Johanna

Leiðari

Elsku nemendur

Gleðilega páska! Á tímum eins og þessum er eðlilegt að margir séu frekar óáánægðir með stöðu mála, enda mikil óvissa og vonbrigði sem fylgja þessari nýju bylgju. Við hjá framhaldsskólablaðinu stöndum 100% með ykkur og reyndum okkar besta í að gera gott og skemmtilegt tölublað. Það er stutt og laggott og má meðal annars finna í því myndaseríu af eldgosinu í Fagradalsfjalli, skipulagstöflu, skemmtileg og áhugaverð viðtöl, uppskriftir og margt fleira. Farið vel með ykkur og ekki gleyma að njóta, þið getið t.d. kafað ofan í þetta tölublað og lesið þær frábæru greinar sem pennar okkar hafa skrifað.

María Árnadóttir
Ritstjóri

Stefán Árni Gylfason
Ritstjóri

Fólkið á bak við blaðið

Arnar Bjarkason



Elís Þór Traustason

Elísabet Ingadóttir

Embla Waage



Júlíana Karitas Jóhannsdóttir

Katrín Valgerður

Mynd/ Egill Aðalsteinsson

5 hlutir til að gera við eldfjall

Ég veit þig langar að skoða eldgosið í Geldingadal. Þú hefur eytt seinustu viku í að skoða eina Instagram-story eftir aðra af skælbrosandi útivistarfólki með glóandi hraunið og hægspúandi gíginn fyrir aftan þau.
Það er frekar leiðingjarnt til lengdar. Hver vill eiga brosmynd af sér með þrjátíu manns í bakgrunni? Hver vill enn eitt þyrluskotið af sér? Hvaðan komu allar þessar þyrlur til að byrja með?! En ef þið viljið gera eitthvað nýtt og öðruvísi, þá getið þið prófað þessa 5 frumlegu hluti til að gera við eldgos.

✍ Penni: Elís Þór Traustason

Labbaðu yfir það á stultum!
Þá snerta fæturnir aldrei storknandi kvikuna undir þér og þú færð að njóta útsýnisins þarna uppi.

Fljúgðu yfir það á dróna!
Þú hefur eflaust séð drónaskot af eldgígnum en ímyndaðu þér að hanga í dróna! Þú bara tekur þrjá til fjóra, festir við þá strengi og flýgur yfir gíginn. Þá slægirðu met fjölda dróna sem halda uppi manneskju (á Íslandi), brytir blað í flugsögu landsins, uppgötvaðir nýjan ferðamáta og þú getur tekið þitt eigið drónaskot á símann! Hver gæti beðið um meira? Í alvöru, hver þarf að vera fræg manneskja í þyrlu þegar þú hefur dróna?

Hitaðu kakó á hrauninu!
Hatarðu beikon og grillaða steik? Finnst þér leiðinlegt að geta ekki eldað mat á hrauninu? Engar áhyggjur, þú getur enn hitað kakóið þitt á því. Þú gætir reyndar þurft að kaupa nýjan bolla.

Farðu í handahlaup!
Nei samt plís ekki.

Finndu sanna ást!
Eldgosið í Geldingadal er orðinn nýjasti og fjölmennasti skemmtistaður Íslands, tilvalinn til að hitta fólk. Nýttu tækifærið, þú munt ekki sjá aðrar manneskjur fyrr en í sumar.

Svo þetta eru fimm frumlegir hlutir til að gera við eldfjall. Áreiðanlega mun einhver vitleysingur prófa flest af þessu en þú, kæri lesandi, skalt vera fyrri til! Farðu varlega, finndu ástina og ekki detta fram fyrir þig á stultunum!

Framhaldsskólablaðið
3. tölublað, skólaárið 2020/21

samband íslenskra framhaldsskólanema

Útgefandi: Samband íslenskra framhaldsskólanema | **Útgáfustjóri:** Sólrún Freyja Sen
Umbrot og hönnun: Jónas Unnarsson **Prentun:** Landsprent.

FERSK UPPLIFUN

Það er kominn tími til þess að láta hvítu fólki líða óþægilega

Fyrir nokkur mánuðum stofnuðu 5 svartar stelpur instagram síðu í því skyni að fræða íslensku þjóðina um rasisma á íslandi. Við hjá framhaldsskólablaðinu tókum stutt viðtal við þær Johönnu Haile, Valgerði, Önnu Maríu og Kristínu. Einnig með þeim í umsjón á síðunni er hún Tamara.

✍ Penni: Stefán Árni

Stelpurnar eru með um 4000 fylgjendur á Instagram og eru langflestir fylgjendur þeirra á aldrinum 18-24. Þær segja síðuna ganga vel og að þær finni fyrir ágætlega miklum meðbyr, sérstaklega þá frá öðrum minnihlutahópum.

Þegar þær voru spurðar um kynþáttafordóma í framhaldsskólum var ljóst að það er töluvert mikið af þeim. „Það hefur verið sagt N-orðið svona 1000 sinnum í bekknum mínum og kennarar kannski taka ekkert endilega eftir því.“ Þeim finnst óþægilegt hversu mikið kennarar nota n-orðið og nefndu þær bókina To Kill a Mockingbird, þar sem n-orðið er mikið notað. „Kennararnir taka því bara sem daglegt brauð og segja n-orðið hægri vinstri og það er ekkert gert í því.“ Eitt sinn hafði ein þeirra farið til kennarans og beðið hann um að segja ekki þetta orð og þá hafi hann brugðist við með því að reyna að réttlæta notkun sína á því og snúa út úr, í stað þess að hætta bara að segja orðið. Þær sögðu hvíta samnemendur þurfa að taka meiri ábyrgð og krefjast breytinga. „Þegar skólafélagar heyra þetta, þá er ekki það fyrsta sem þeir eiga að gera að snúa til okkar og vera eitthvað; hey, þessi kennari sagði n-orðið, heldur frekar að hugsa, okei ég veit að þetta er rangt þannig ég ætla að segja eitthvað.“ Þannig geti þeir sýnt að þeir séu hvítir bandamenn. „Það þarf að gera sér grein fyrir að þetta sé vandamál og það þarf að tala um þetta, ekki bara segja hluti eins og „hann vissi ekki betur.“ Þær segja vanta að fleiri nemendur setji pressu á kennara og skólastjórnendur til þess að eitthvað breytist, það sé ekki nóg að það séu bara 5 svartar stelpur að segja eitthvað. „Hvítir bandamenn verða að stíga upp og nýta forréttindin sem þeir hafa, þeir þurfa að standa með minnihlutahópum innan skólans, ekki bara pósta á instagram af því það hentar þeim. Um leið og eitthvað er utan þægindarammans, þá er fólk ekki tilbúið að berjast.“ Þær sögðu það pirra sig mikið þegar hvítir segja það vera þreytandi að berjast, þær séu búnar að berjast í 15 til 18 ár. Það sé svo létt að segja bara við kennarann, „hey þetta er ekki í lagi það sem þú varst að segja núna.“


Anna

Johanna


Valgerður


Kristín

Þær sögðu eldri kynslóðir ekki vera með meiri fordóma en að sú kynslóð sé samt ekki jafn falin og að rasisminn komi skýrt fram þar á meðan yngri kynslóðin sé meira að segja brandara eða t.d. fikta í hári þeirra. „Fólk ber líka enga virðingu fyrir hárinu mínu, það er svo oft sem hvítir einstaklingar koma upp að okkur og snerta hárið. Það er eins og maður sé einhver dýragarður. Hári mínu hefur bókstaflega verið líkt við kind.“

Svo bæta þær við varðandi kennara að það sé óþægilegt þegar þeir nýti sér valdastöðu sína. „Það er svo oft sem þeir nýta sér sína stöðu til þess að t.d. vera að snerta hárið okkar.“ Kennarar tali oft við þær barnalega eins og þær tali ekki íslensku. „Það er ógeðslega erfitt að svara fyrir sig þegar þessi manneskja gefur manni einkunnir og eiginlega sér um framtíðina manns og maður þarf oft bara að taka þessu því þær hafa svo mikil áhrif á líf okkar.“ Kennarar þurfi að líta í sinn eigin barm og passa sig, þeir séu í forréttinda stöðu, bæði út af kynþætti og starfi.

Það sem komi líka í veg fyrir að þær svari fyrir sér er staðalímyndin að svartar stelpur séu alltaf reiðar. „Það er svo erfitt fyrir okkur að við þurfum alltaf að passa okkur og passa það sem við segjum af því við megum ekki hljóma of reiðar, af því að þá erum við komnar inn í staðalímyndina og þá geta þau notað hana gegn okkur.“ Þegar þær segi eitthvað séu þær reiðar en þegar hvítir segja eitthvað þá séu þeir ástríðufullir. Þetta komi í veg fyrir að þeirra upplifanir séu teknar gildar. Þær sögðu kennara oftast taka hlið hvítra stelpna, það sé litið á þær sem fórnarlambið en á meðan það sé oftast litið á svartar stelpur sem árásaraðilann.

Þær nefna einnig salsa ball Fjölbrautaskólans í Garðabæ. „Þarna er fólk að setja á sig tonn af brúnkukremi, fara í ljós, og dressa sig upp sem Mexíkanar. Þessi staðalímynd er ótrúlega leiðinleg og þegar maður kíkir á myndir af þessu balli þá er fólk með sama hörundslit og ég, og það er alveg hægt að skemmta sér á balli án þess að láta eins og maður sé annar kynþáttur en maður er. Það ætti að vera löngu búið að sniðganga þetta ball. Fordómarnir sem við höfum gengið í gegnum er ekki eitthvað sem þú getur klætt þig upp sem fyrir eitthvað ball. FG ætti að hætta með þetta ball. Svona böll koma aldrei vel út, það er allt í lagi að hafa tropical þema en ekki fara að leika eitthvað þjóðerni eða kynþátt. Hafið bara rave ball eða eitthvað í staðinn.“

“Skilaboð okkar til þeirra sem telja sig vera hvítir bandamenn eru þessi: að baráttan sé meðal annars að mynda samtal um rasisma og að mikilvægt sé að lyfta röddum minnihlutahópa. Er það aðalhlutverk þeirra, að hlusta á þær og beita skilaboðum okkar í daglegu lífi enda er það eitt stærsta sem manneskja getur gert til að spyrna gegn rasisma. Það er eins og við höfum enga rödd og það ógildir upplifanir okkar þegar sagt er að það sé enginn rasismi á Íslandi. Það þarf að skapast umræða og það er kominn tími til þess að láta hvítu fólki líða óþægilega.“

Apríl

Nú styttist í lokaprófin og ekki er verra að hafa skipulagstöflu fyrir apríl mánuðinn. Þá er hægt að hafa yfirsýn á verkefnum og prófum mánaðarins. Sniðugt er að skrifa þrjú mikilvæg atriði sem ljúka þarf yfir daginn.

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugadagur	Sunnudagur
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30		

SOUR PATCH Kids

HEFUR ÞÚ SMAKKAÐ?

Normelíserum að humblea MR-inga

✍ Penni: Katrín Valgerður

Menntaskólinn í Reykjavík, Lærði skólinn, Latínuskólinn, Reykjavíkurskóli eða einfaldlega Menntaskólinn á rætur sínar að rekja alla leið til ársins 1056. Án efa virðulegasta menntastofnun landsins og viljir þú efla innri mann og gáfur skalt þú samtundis sækja þar um. Þar hafa fjölmargir þjóðþekktir íslendingar setið í kennslustofu og flestir sem þar stunda eða hafa stundað nám hafa lítinn sem engan annan persónuleika en að vera MR-ingur.

Það bókstaflega rignir upp í nefið á þessu liði. Þegar að þau eru ekki að tala um latínubeygingar eða eðlisfræðiformúlur, sitja þau og bíða spennt eftir tækifæri til þess að monta sig af orðspori skóla síns. Augu emeringsins ljóma í hvert sinn sem spurt er hvaða framhaldsskóli varð fyrir valinu og egóið fjórfaldast þegar hann fær að blaðra frjálslega um hversu strembið nám hans sé.

Að því sögðu langar mig til þess að vekja athygli á gríska orðinu hybris (gr. ὑβρις). Íslenska þýðing þess skal vera ofdrambi, hroki, ofstopi eða ofmat á eigin verðleikum eða stöðu. Mér finnst þetta eiga ágætlega við þar sem ágætur fjöldi nemenda fyrrnefnds skóla er haldinn mismiklu hybrisi.

Þar með segi ég að næst þegar þú mætir MR-ingi skaltu ekki leyfa honum að telja sig yfir þig vera hafinn vegna þess að hann segist vera klárari. MR-ingar hafa gott af því að vera „humbelaðir“. Til dæmis getur þú (sem ert ekki í MR) bent honum á að hann sé í svo gömlum skóla að örugglega ekki verði mikið eftir af aðalbyggingunni bráðlega ef núverandi jarðhræringar halda áfram á sama

róli (þetta var skrifað fyrir gosið). Að auki ættu allir námsmenn skólans svo innilega að vona að sú staðreynd, að vítateigar íþróttahússins skerast á miðjum velli, komist ekki í almenna vitneskju.

Jújú, vertu sáttur með að vera ekki tossi en gott er að tileinka sér sið þann að horfa um stund í eigin barm og átta sig á því að þú ert ekki betri manneskja vegna þess að þú lærir heima fimm tíma af deginum. Samt er ákveðinn masókismi við þetta þar sem að engin manneskja algjörlega heil á geði myndi fara sjálfviljug í skóla þekktastur fyrir námslegar pyntingar. Lokapunkturinn er sem sagt sá að næst þegar þú hittir MR-ing skaltu ýtta honum hressilega niður af þessum háa hesti sem hann hefur plantað sér ofan á og segðu honum að öllum sé slétt sama að hann sé í MR.

Hvaða innihaldsefni í grænmetislasanja ert þú?

✍ Penni: Embla Waage

Sum okkar eru heil af geði. Aðrir velta fyrir sér: „ef ég væri innihaldsefni í grænmetislasanja, hvað væri það?” Fyrir þau ykkar sem eru komin svo langt fyrirfinnst engin von. Ef litið er á björtu hliðarnar, færð þú að minnsta kosti svar við þessari blessuðu spurningu.

Klárað setningarnar

1. Ég er...
- **A.** hörð hveitiplata
- **B.** bítari úr kúr
- **C.** sósa úr tómat
- **D.** sæla úr kota

2. Mér finnst best að vera í...
- **A.** lokuðum skáp
- **B.** kæliskáp
- **C.** opnum skáp
- **D.** ruslinu

3. Besti vinur minn kynnir mig sem...
- **A.** elskhuga sinn
- **B.** óvin sinn
- **C.** besta vin sinn
- **D.** kunningja sinn

4. Mér finnst...
- **A.** að við ættum að setja upp borgarlínuna
- **B.** að sumir eiga ekki skilið mannréttindi
- **C.** föstudagar ofmetnir
- **D.** nákvæmlega það sama og þér finnst

Flest A:
Lasanja (pastaplöturnar)

„Kæra Lasanja, hvar værum við án þín?” Þetta er setning sem þú hefur oft heyrt um ævina. Sama hvert þú ferð taka allir eftir þér. Í hvert skipti sem þú gengur inn um dyrnar safnast hópur áhangenda í kringum þig. Engu máli skiptir hvað þú segir, því er ávallt mætt af ýmist hlátri eða döprum augabrúnum. Þó, hefur þú vissulega unnið þér inn þessa virðingu. Þú ert lasanja. Án þín væri hluti Ítalíu enn (líklega) nýlenda Grikkja. Það segir þú að minnsta kosti við sjálfa þig.

Auk þess ertu stoð og stytta fyrir vini þína í ofninum. Þú ert það eina sem stendur á milli lasanja og kássu. Eldfasta mótið kæmi út úr ofninum sem fljótandi réttur. Þú einsömul kemur í veg fyrir stjórnleysi samfélagsins. Þú einsömul skiptir máli í þessum heimi.

Flest B:
Kúrbítur

Ekki nóg með það að þú sért umdeildur bekkjarfélagi, heldur ertu einnig umdeildur meðlimur í grænmetislasanja. Í besta falli ber fólki virðingu fyrir því að þú standir með þér. Engum finnst það sem þér finnst, að kúrbítur sé nauðsynlegur í lasanja. Þegar heimurinn virðist svartur og dapur skaltu muna eitt, elsku Kúrbítur; nokkkrum manneskjum finnst þú svo sem ágætur.

Flest C:
Tómatsósa

Þú, tómatsósa, ert svo sannarlega vanmetin. Þó þú sért grunnurinn í flest öllum vinsælum réttum Evrópu, hugsar fólk til þín í formi sykurleðju. Það er sárt, þessi einskis nýtta eftirlíking af þér fær allan heiðurinn. Sem betur fer ólstu upp á heimili þar sem þér var kennt að bera virðingu fyrir sjálfri þér. Innst inni veistu að margir standi með þér. Þú ert frumritið; ekkert toppar frumritið.

Flest D:
Kotasæla

Þú átt ekki heima í lasanja. Farðu. Mér þykir vænt um þig eitt og sér, en þú ert á röngum stað á röngum tíma. Flestum líkar við þig, en bara sem vin. Vinsamlegast haltu þér í góðri fjarlægð.

Af hverju Andabær?

✍ Penni: Katrín Valgerður

Hver man ekki eftir Andrés Önd? Án efa skapsúrasta önd á gervallri jarðkringlunni sem skundar um í matrósafötum með sjóliðahatt. Andrésar blöðin hafa alltaf verið í miklu uppáhaldi hjá mér þó er samt eitt atriði sem hefur vafist fyrir mér öllum stundum síðan ég hóf lesturinn. Andrés Önd býr í Andabæ, eins og flestir vita, en hvernig getur þá staðið á því að Andrés og hans lið, eru einu endurnar á svæðinu?

Ég hef eytt ófáum stundum að velta því fyrir mér hvernig á þessu geti staðið, að í Andabær, bæ sem kennir sig við endur sé nánast ekkert af öndum? Þetta er án efa með því fáranlegasta sem ég hef heyrt og er mér hulin ráðgáta. Það stóð ekki á milli mála að taka þetta málefni fyrir og komast til botns í því.

Nú kæru lesENDUR, þannig eru mál með vexti að Andabær er allegoría fyrir Bandaríkin. Endurnar eru innfæddir og öll hin dýrin, sem eru meirihluti íbúanna, eru innflytjendur og eru staðráðin í að útrýma öndunum. Innfæddir hafa þó möguleika á að lifa sínu friðsæla lífi í samfélaginu en einungis með því skilyrði að þeir aðlagist menningunni.

Þetta er nokkuð sturluð pæling en skal hafa í huga að stofnandi Andabæjar var enginn annar en Kornelíus Blésönd. Þetta er án efa bein tilvitnun í Bandaríska iðnjöfinn Cornelius Vanderbilt, sem byggði auð sinn á skipum og járnbrautum. Má einnig færa rök fyrir því að mismunandi dýr sem búa í Andabæ tilheyri mismunandi

bylgjum innflytjenda til Bandaríkjanna. Endurnar tilheyra fyrstu bylgjunni sem komu frá Skotlandi eins og t.d Jóakim Aðalönd, Hollandi eins og auðvitað hann Kornelíus Blésönd og svo Englandi. Önnur dýr koma svo frá Þýskalandi og Sviss og að lokum frá Suður-Evrópu eins og Ítalíu o.s.frv. Persónulega tel ég bjarnabófana vera Ítala.

Við má einnig bæta að Andrés Önd er holdgerfingur hins vinnusama verksmiðjuvinnumanns þar sem í fleiri en einni sögu kemur fram að Andrés vinnur í smjörlíksverksmiðju. Aftur á móti fær hann litlu framgengt þar sem hann getur varla haldið vinnunni og fær ekki einu sinni skilding frá sandríka frænda sínum. Boðskapurinn er einfaldur: ekki vera fátæk. Kapítalískur áróður upp á sitt besta.

NÓI SÍRÍUS

EITT SETT... TVÖ SETT...

MÖRG SETT!

NÝTT

EITT SETT

Í BITUM

285 g

Hið eina sanna EITT SETT fæst nú í bitum.
Gríptu þinn poka í næstu verslun.

Norðurfjörður og strandir

✍ Myndasería eftir Elís Þór Traustason



Vorlitirnir

„Hve sæll eg styn: ó dýrðardásemd skæra, ó djúpa líf, ó ríka guðdómshaf.” Þetta segir okkar maður, Halldór Laxness, um vorið. Ekki lifir hann einsamall með þessa skoðun. Allstaðar um heiminn er fagnað nýjum litum, hlýrra veðri og kærkomnum breytingum. Þetta taka klæðskerar um allan heim afar nærri sér. Eftir dapurlegan og ógnvekjandi vetur nálgast sumarið óðfluga. En fyrst, vorið. Við sjáum helstu stefnur tískunnar i dag.

✍ Penni: Embla Waage

Gucci gerir nákvæmlega það sem því sýnist. Við höfum séð Michele árstíð eftir árstíð sýna frumkvæði í því sem, ótvírætt, hefur áhrif á flest öll vörumerki næstkomandi ára. Hvað tengir þessi verk saman í eitt safn? Engin veit. Það eina sem við getum séð er að þetta er Gucci.

Sjálf hef ég skiptar skoðanir um vorsafnið í ár. Að sjálfsögðu sjáum við margt kunnuglegt: óhefðbundin andlitsföll, víð jakkaföt og einstaka óspennandi og hefðbundin útbúnað. Án þess að þykjast yfir hafin eitt stærsta nafn tískuheimsins, þarf maður að spyrja sig nokkurra spurninga. Hver er tilgangurinn með leiðinlegum fatnað? Hvers vegna samþykkjum við þetta ár hvert? Að sjálfsögðu býr Gucci til pláss fyrir nýjar hugmyndir og stefnur, en hvers vegna er sumt af þessu svona leiðinlegt?

Ef þið eruð ósammála þessum niðurstöðum legg ég til þess að þið hugsið ykkar gang. Dragið djúpan andardrátt og veltið fyrir ykkur eftirfarandi spurningum. „Hvers vegna er ég svona?” „Hvers vegna neita ég að hafa rétt fyrir mér?” Flest höfum við skoðun á tísku, en aðeins ein er sú rétta.

Bottega Veneta fær ekki mikið lof frá almúganum að þessu sinni. Samansafnið á að vera „leiðinlegt” og „of öruggt fyrir Veneta” Að þessu sinni er ég hjartanlega ósammála. Nánast hvert verk var ýmist bjart, dularfullt eða athyglisvert. Safnið var fjölbreytt. Það eina sem flest öll verkin áttu sameiginlegt voru klossarnir sem einhverra hluta vegna virkuðu. Þykk, prjónuð verk standa uppi í minningu minni. Þó bjartir litir, hnepptir jakkar og dökkur túrkísblár hafi einnig gripið augað.

Auk þess var uppsetningin á sýningunni með skemmtilegu sniði. Sökum veirunnar góðu fengum við ekki hefðbundna lóðrétta göngu, heldur ófullkomin orm. Þessi ganga setti sinn svip á verkin og gerði sýninguna en meiri spennandi.

Saint Laurent gefur okkur sín hefðbundnu verk, enda er lítið að bæta við þau gömlu. Þau taka þátt í skornu og hnepptu jakkastefnunni, til ýmis hamingju eða vonleysi áhorfenda. Ef hvassir jakkar hræða ykkur verður vorið erfiður tími.

Saint Laurent virðist þó spennt fyrir vorinu. Við sjáum skýrt að þetta sé vor samansafn þar sem nokkrar stelpnanna klæðast stuttbuxum. Hver gæti ekki séð að dökkur klæðnaður æpir að veturinn sé í þann mund að enda? Að hálsklútar séu nauðsynlegur útbúnaður fyrir önn sólar og ylju? Þó skulum við ekki vera of harkaleg við þetta blessaða vörumerki. Það er erfitt að gera holdgerving haustsins að björtum og frjálslyndum skemmtikröftum.

Off-White tekur einnig þátt í jakkamenningunni. Þó má sjá margt ferskt í þessu safni. Auk þess að blanda rauðum, gráum og gulum í ólíkum verkum sjáum við loksins brúnan taka sitt pláss í vorsafni. Ég hef ekki tölu á því hve lengi ég hef beðið eftir þessu. Að einn daginn muni fólk taka mark á brúnum. Að styrkur hans skíni fram yfir börkinn. Þetta er mikill gleðidagur og skal komið fram við hann í samræmi það. Í dag klöppum við höndum saman og tilbiðjum Virgil Abloh fyrir gjörðir hans í þágu mannkyns. Öll önnur verk blikna í samanburði; það vantar eitthvað í þau öll. Það vantar brúnan.

Hvaða eldgos ert þú?

Hefur þú einhvern tímann velt því fyrir þér hvaða eldgos þú værir ef það væri búið að persónugera eldgosin sem menntaskólatýpur? Örygglega ekki, en örvæntu ei lengur þar sem þessi spurningalisti mun sálgreina þig í ræmur og segja þér nákvæmlega upp á hár hvaða gos þú ert.

✍ Penni: Katrín Valgerður

Hvert er mottóið þitt?

A. What doesn´t kill ya makes ya stronger
B. Þetta reddast
C. Yolo
D. Be the best version of yourself
E. Ha?

Það er föstudagskvöld, hvað ert þú að gera? (fyrir Covid)

A. Fer á rúntinn og sé hvað er að gerast
B. Heima að horfa á æði
C. Fer á Spot
D. Heima að læra eða sýni mig á einhverjum viðburði
E. Heima sofandi eða deyjandi áfengisdauða í einhverjum runna

Þú ert að deyja úr hugri, hvaða matur verður fyrir valinu?

A. Dominos
B. Aktu taktu
C. Subway
D. Local
E. Það sem liggur á gólfinu í eldhúsinu

Veldu íslenskan tónlistarmann

F. Flóni
G. JóiP og Króli
H. Herra Hnetusmjör
I. Bríet
J. Bubbi

Hvaðan færð þú koffínið þitt?

A. Nocco
B. Red bull
C. Collab
D. Kaffi
E. Monster

Stjörnuspá hot or not?

A. Not
B. Hot
C. Hot
D. Hot
E. Hot

Þú fellur á prófi, þín fyrstu viðbrögð eru:

A. Alltaf hægt að taka áfangann aftur
B. Hvenær fellur maður ekki?
C. Gráta smá
D. Tilveran hrynur í kring um þig og þú þorir ekki lengur að sýni þig á almannafæri
E. Klappa sjálf/ri/um/u mér á bakið fyrir að hafa tekið prófið

Hvernig ferð þú í skólann?

A. Keyri á toyota yarisnum mínum sem pabbi splæsti í
B. Tek strætó því ég er búi/n/nn/ið að falla á bóklega 5 sinnum
C. Pabbi skutlar
D. Hjóla
E. Labba, er ekki byrj/uð/aður/að í ökunáminu

Hvernig glósar þú?

A. Bara það merkilegasta þegar ég nenni því
B. Kann ekki að glósa
C. Glósa svona semi-samviskusamlega
D. Er með fullkomnar glósur og lita þær í frítíma mínum
E. Hvað er það?

Flest a:
Eyjafjallajökull 2010 (ísúrt sprengigos)

Til hamingju, þú ert Eyjafjallajökull 2010. Þú ert svo mikil froða að það hálfa væri nóg. Þú röltir um hugsandi um sjálfan þig ánæg/ð/t/ur með lífið og tilveruna og hefur persónuleika samanber örbylgjuofn. Þú ferð í ræktina annan hvern dag og drekkur nocco í lítra tali ásamt því að dreyma um að fara í sálfræði í HR. Á sunnudögum ferð þú á rúntinn á Vesturbæjarís og færð þér bragðaref með jarðaberjum, lúxusdýfu og hockey pulveri. Kæri Eyjafjallajökull minn slakaðu aðeins á í ljósinu, þú munt líta út eins og krumpuð leðurtaska eftir 30 ár.

Flest b:
Lakagígar 1783-1784 (basískt hraungos)

Til hamingju, þú ert Lakagígar 1783. Þú vaknar á mánudagsmorgni allt of seint og byrjar morguninn á að stara aðeins út í tómið. Þegar þér loksins tekst að komast á lappir brunaru í skólann á 90 á 60 götu dælandi í þig red bull. Þú er miðja alls drama og átt þannig erfitt með að halda stöðugum vinahópi. þú fyrirlítur allt og alla en samt ekkert meira en sjálfan þig. Elsku Lakagígar stundum snýst tilveran bara ekki um þig og það er allt í lagi.

Fermata

✍ Penni: Embla Waage

Þórdís Þórhallsdóttir rekur einsömul vistvænu verslunina Fermata. Sjálf er hún viðskiptafræðingur, með MPM-gráðu og kennslugráðu. Eftir að hafa unnið við störf tengd þessu ákvað hún að breiða út fagnaðarerindinu með þessum hætti - að stofna eigin verslun.

Þórdís Þórhallsdóttir

Nafnið Fermata tók Þórdís úr tónfræði. Á einföldu máli má þýða þetta sem „staldraðu við". Hugtakið er notað bæði um þagnir og tón í tónfræði. Þó, táknar fermata engan tiltekin takt. Listamaðurinn getur tekið sér jafn langa þögn og honum sýnist. „Mín tenging þar er að í þessari búð þarftu að staldra við, hugsa hlutina upp á nýtt og fara aðeins að gá hvað þú getir gert... Hér eru ekki allir að ganga á sama takti, en það eru samt allir að fara í sömu átt."

Tekur eitt skref í einu

Þegar hún er spurð um innblástur verslunarinnar segir Þórdís frá ákvörðunum sem má rekja langt aftur. „Ég er búin að versla umbúðalaust í nokkur ár. Maður þarf bara að taka eitt skref í einu. Ég er búin að nota fjölnota poka frá því að ég var 13 ára, '92, af því að ég var alin upp í Danmörku." Hún útskýrir að hún eigi ennþá þessa poka, þó sumum hafi fundist það skrítið þar til fyrir nokkrum árum.

Þótt búðirnar hér heima séu frábærar, bjóða þær mestmegnis upp á lúxusvörur. „Mér fannst vanta að geta fyllt á sprittið mitt, að geta fyllt á gljáan í uppþvottavélinni... Ég hugsaði svona; ef enginn annar er að gera þetta." Þó Fermata bjóði vissulega upp á lúxusvörur er lagt áherslu á hversdagsvörur.

Hefur trú á hringrásinni

Mikið af vörunum tilheyra persónulegri umhirðu. Þetta eru t.d. sjampó, hárnæring, tannkrem í töfluformi, tannburstar, tunguskafa og svo víðari. Auk þess er mikið úrval af t.d. hreinsunarvörum og öðrum heimilisvörum. Síðan má einnig finna bækur um "zero-waste" menningu, rakvélar, fjölnota rör og allskonar vörur sem hreinsa húðina.

Eitt af því sem einkennir Fermata eru

umbúðirnar. Þó Þórdís bjóði upp á krukkur og box, hvetur hún viðskiptavini til þess að koma með eigið. „Þótt það komi með gamla plastbrúsan utan af klósetthreinsinum... Ég hef trú á hringrásinni." Hún vill að fólk og framleiðendur opni augun fyrir því hvað þetta getur verið auðvelt.

Bjóða upp á milliveginn

„Það eru ekki allar sápurnar hérna umhverfisvottaðar." Þórdís útskýrir hvernig hún vill gera sem allra flesta hluta af hringrásinni. „Ef við hugsum um meðalljónið gæti virðst rosaleg stórt stökk að fara frá Ariel yfir í sápuhnetur." Þess vegna býður Fermata einnig upp á milliveginn. Þau selja t.a.m. Ecoegg. Þótt þau séu búin til úr plasti er hægt að fylla á þau, auk þess eru þau ofnæmisvottuð. Aðrar vörur sem fara einnig þennan milliveg eru t.d. duftin frá Mjöll Frigg. „Sumir vilja byrja auðvelt og fara svo í eitthvað flóknara. En fyrir sumum er líka allt í lagi að koma bara með dunk og fylla hann. Þá erum við strax búin að taka plastið úr umferð." Hún reynir vera með valkosti fyrir allskonar fólk, enda ekki hægt að þvinga alla í það sama. „Maður reynir að nálgast fólk

á þeirra stað og toga þau áfram. Ekki bara þvinga þau. Þá fer engin yfir þröskuldinn." Hún vitnar aftur í upphaflegu lýsingu sinni á Fermata - að við göngum öll hænuskref í sömu áttina.

Ekki jafn flókið og það virðist

Þó þetta geti verið framandi landsvæði fyrir Íslendinga, býður Fermata upp á þjónustu sem þekkist víða um Evrópu. „Útlendingar eru mjög duglegir [að versla í Fermata], þeir þekkja þetta auðvitað betur." Þórdís segir að fólk sem býr eitt sé einnig duglegt að mæta - enda þægilegt að þurfa ekki að kaupa gríðarstórar umbúðir úr stórmörkuðum. Hún bætir við að fólk yfir fimmtugt, sem á unglinga, láti gjarnan sjá sig. „Unglingar eru rosalega meðvitaðir... Þá eru [foreldrarnir] að koma af því að unga fólkið benti þeim á." Þórdís vill hvetja fjölskyldufólk til þess að mæta. „Ég held að fólk haldi að þetta sé ótrúlega flókið, en það er það ekki."

Peningar eru atkvæði

„Unga fólkið er framtíðin. Unga fólkið skilur að hverju við erum að stefna... Unga fólkið sér plastvandamálið og veltir fyrir sér hvað þau geti gert." Þetta segir Þórdís þegar hún er spurð hvers vegna ungt fólk ætti að versla vistvænni. „Þegar maður er ungur er maður svo uppfullur af eldmóð... Þið unga fólkið eruð búin að átta ykkur á því að það þurfi ekkert endilega að breyta öllu Íslandi; maður breytir bara sjálfum sér."

„Peningar eru atkvæði. Ef við höldum að við getum ekki breytt heiminum er það bara vitleysa... Í hvert skipti sem þú eyðir peningum ert þú að greiða atkvæði." Hún bendir á það að óháð hvaða aldri við erum, er þetta leiðin til þess að gera heiminn betri.

Fleir staðreyndir um Fermata:

- Fólk mætir oft undirbúið að versla. Þess vegna er ekki hægt að nálgast áfyllingar á vefversluninni. Þess í stað er hún oft notuð til þess að ýmist vafra í gegnum eða panta vörur á netinu.
- Til þess að búa til eitt tonn af plasti þarf tvö tonn af olíu. Fermata gerir þér kleift að fylla á hreinsunnar- eða hreinlætisvörurnar þínar í gömlu brúsunum. Með þessu móti forðast þú það að henda plastbrúsa á sama tíma og þau kaupir nýjan.
- Áfyllingarnar eru viktaðar. Það er einfalt að prófa lítið magn af t.d. sápu og vigta síðar meira ef hún hentar vel. Ef sápan hentar illa er lítill skaði skeður, þar sem þú verslar ekki heilar flöskur í senn.
- Hægt er að nálgast vefverslun Fermata á www.fermata.is. Auk þess má finna Fermata á Instagram (@fermata_vistvaen_verslun) og Facebook (@fermatavistvaenverslun).

Flest c:
Holuhraun 2014-2015 (basískt hraungos)

Til hamingju, þú ert Holuhraun 2014-2015. Þú ert lítið og sætt óöruggt busakrútt. Þú mættir í gallajakka með collabið þitt á fyrsta deginum á félagsvísindabraut eða eitthvað í þeim dúr. Þú hefur aldrei átt frumlega hugsun á þinni lífstíð og stefnir á að gönna beint á vinnumarkaðinn eftir menntaskóla. Þú aflitaðir hárið þitt líklegast annan mánuð inn í fyrstu önnina og annað heimilið þitt er Spútnik í Kringlunni. Þú hangir alltaf með sama vinahópnum sem samanstendur af þremur vinum þínum úr grunnskóla sem þér líkar ekki einu sinni við. Æi litla Holuhraunið mitt, þetta verður allt í lagi.

Flest d:
Gos í Geldingadölum 2021 (basískt hraungos)

Til hamingju, þú ert gos í Geldingadölum 2021. Þú ert það heitasta í augnablikunu og hefur það bara skítsæmilegt. Þú ert formaður nemendaráðsins og drekkur cappuccino með haframjólk og espresso skoti. Þú ert þó með góðar einkunnir og ferð örugglega í læknisfræði eftir menntaskólann. Þú setur alltaf myndir af sætu litlu frændsystkinum þínum á insta story þegar það er ekki fullt af umhverfis-aktívisma áróðri. Þú ferð alltaf til Akureyrar um páskana á skíði og síðan æfiru líka sund svona 17 sinnum á viku. Gos í Geldingadölum flott hjá þér, haltu bara áfram á sömu braut.

Flest e:
Katla 1918 (basískt sprengigos)

Til hamingju, þú ert Katla 1918. Þú ert álíka snargeðveik/t/ur og þetta blessaða ár 1918 var. Þú átt svona 3 vini max sem eru allir kexruglaðir og ert líklegast á opinni braut. Þú átt án vafa landsmetið í monsterdrykkju og gengur á þriggja tíma svefni á góðum degi. Þú klæðist svo víðum fötum að þú lítur út eins og labbandi sirkús-tjald. Þegar þú ert ekki að skrópa ertu líklegast rot/uð/ur/að fram á skólaborðið þitt með heyrnatól í eyrunum hlustandi á mother mother. Kæra Katla, reyndu að mæta í skólann svona annað slagið.

Páska eftirréttir í boði **Gerum daginn girnilegan**

Hægt er að finna yfir 1200 girnilegar uppskriftir á gerumdaginngirnilegan.is. Þeir bjóða upp á bæði spennandi og fjölbreyttar uppskriftir sem henta bæði hversdags og þegar eitthvað stendur til. Einnig leggja þeir ríka áherslu á uppskriftir sem tengjast árstíðum eða þemum, eins og til dæmis jóla-, grill- og mexíkóskar uppskriftir. Ég hvet alla til þess að kíkja á vefsíðuna þeirra og skoða úrvalið.

Nú þegar páskarnir eru á næsta leiti er tilvalið að fara að huga að því hvað skuli bera fram í páskaboðinu. Eftirrétturinn er án efa einn sá mikilvægasti sem boðið er upp á og hvað slær betur í gegn en bæði fallegur og góður réttur?

Páskasítrónuostakaka

Hráefni

Botn
- 1 pakki Ritz kex
- ½ pakki LU Digestive hafrakex
- 150 gr ósaltað smjör brætt

Eplafylling
- 2 stk græn epli
- 1 poki Dumle karamellur 120 gr
- 1-2 msk smjör
- 100 gr hakkaðar möndlur

Sítrónuostafylling
- 2 öskjur Philadelphia hreinn rjómaostur 200 gr
- 2 dl flórsykur
- 1 stk sítróna (safinn og börkurinn)
- 200 gr hvítt súkkulaði
- 2 ½ dl létt þeyttur rjómi
- 4 pokar Cadbury Mini Egg 90 gr

Leiðbeiningar

Botn
1. *Myljið kex í matvinsluvél*
2. *Bræðið smjörið og blandið saman við kexið, setjið í smellukökuform klætt bökunarpappír*
3. *Kælið botninn*

Eplafylling
1. *Afhýðið eplin og skerið í litla bita*
2. *Setji á eplin, Dumle karamellurnar og smjörið á pönnuna og hitið*
3. *Látið malla þar til karamellan er alveg bræddu og hrærið á meðan í blöndunni*
4. *Blandið saman við hakkaðar möndlurnar*
5. *Hellið yfir botninn og kælið*

Sítrónuostafylling
1. *Þeytið upp rjómaostinn ásamt flórsykri, bætið sítrónusafa og sítrónuberki saman við*
2. *Bræðið hvítt súkkulaði og hrærið saman*
3. *Léttþeytið rjómann og blandið honum varlega saman við*
4. *Hellið fyllingunni yfir eplin og kælið vel áður en kakan er tekin úr forminu.*
5. *Skreytið með Cadbury mini eggjum.*

Páskaegg fyllt með berjum og hindberjarjóma

Hráefni

Páskaegg
- 200 gr dökkt súkkulaði (Rapunzel)
- Vatnsblöðrur

Fylling
- 125 gr hindber
- ½ dl flórsykur
- 250 gr þeyttur rjómi

Leiðbeiningar

Páskaegg

Bræðið súkkulaði og setjið dropa (á stærð við smápening) af súkkulaðinu á smjörpappír með teskeið. Dýfið uppblásinni vatnsblöðru í súkkulaðið og leggið á súkkulaðidropann.

Kælið í 30 mín og stingið svo á blöðruna.

Fylling

Maukið hindber og flórsykur saman og blandið svo þeyttum rjóma varlega saman við.

Setjið hindberjarjómann í botninn á súkkulaðipáskaegginu, fyllið með berjum og hellið í lokin bræddu súkkulaði saman við.

Ljóðskáld eru námumenn

Sem grafa í sálir sínar
Höggva og höggva þar til senn
Hugar þeirra dvína

Bíður þeirra gimsteinn sá
Sem situr afar bjartur
Mun ljómi hans verða tungumál
Þeirra er reyna aftur

Daglega blasir við þeim sjón
Svo fögur að gasið breytist fljótt
Úr skaðlegri martröð í heimsins ljóð
Sem aðrir líta á sem eilífa sótt

Upp úr heimi kaldra kola
Koma þeir með námuvagn
Ber hann marga gullmola
Margir hverjir eru agn
Sem tæla menn í námuheiminn
Sem fáir fá að sjá líkt og geiminn

Arnar Bjarkason

Útvarp allra landsmanna

Penni: Stefán Árni

Pæling: afhverju í andskotanum get ég ekki farið inn á vefsíðu RÚV og horft á allt efni sem stofnunin hefur framleitt eða keypt? Afhverju þarf ég að panta einhvern tíma á einhverju bókasafni, mæta í efstaleiti á milli 13 og 16, og borga einhvern 4000 kall til að horfa á það efni sem ég vil horfa á. Það er til endalaust af æðislegu gömlu íslensku sjónvarpsefni sem er bara ekki aðgengilegt neins staðar og það er hræðilegt. Ríkisútvarpið ætti að leggja alveg jafn mikinn pening í nýtt sjónvarpsefni og að varðveita það gamla góða. Sem dæmi má nefna að frábærar glæpaseríur á borð við fangar og hraunið eru ekki aðgengilegar neins staðar á Íslandi. Það hefur aldrei verið jafnmikilvægara að það sé til mikið af gæða-íslensku sjónvarpsefni þegar nánast öll menningarinntaka ungs fólks er á ensku.

Afsakanir um peningaleysi fyrir netþjónum og réttindahafavandamálum eru bara ekki nægilega góðar og það er aumingjaskapur að RÚV þori sér ekki að færa sig yfir á 21. öld. Hættum að vera risaeðlur og gerum sjónvarp allra landsmanna nútímavænna. Við ættum að geta farið inn á ruv.is og horft á allt það frábæra sjónvarpsefni sem hefur verið gert hér á landi. Þetta er hægt, skoðið bara vefsíður ríkisútvarpa erlendis, þar eru miklu meira úrval og efnið aðgengilegra. Svo má að bæta við að það væri sniðugt að gera eins og norðmenn gera fyrir heimamenn erlendis, þ.e.a.s í stað þess að blokkera i.p adressur, þá ættu íslendingar að geta skráð sig inn með rafrænum skilríkjum. Íslendingar sem búa erlendis eiga nú þegar erfitt með að viðhalda áhuga barna sinna á að læra íslensku og myndi aðgengi að íslensku barnasjónvarpsefni hjálpa mikið.

Dating profile

Penni: Elís Þór Traustason

Óðinn Borsson
1000+ ára
Margra barna faðir, skáld og dýravinur

Áhugamál: Hrafnar, skák, bjórsmökkun, rúnir, heimsendir

Er að leita að maka eftir erfiðan skilnað. Er eineygður en ek um á áttfættum hesti. Á heima á Valhöll 1 í Ásgarði.

DM me



Á morgnana,
í hádeginu,
á hraðferð heim
eða í kvöldsnarlið...

við erum til staðar fyrir þig!

Ný og spennandi tilboð í hverri viku
og alltaf girnilegt Combo tilboð
sem þú getur gripið með.

Opnum snemma
lokum seint

Krambúðin

Ritlist í Háskóla Íslands

Huldar Breiðfjörð

✍ Penni: Elís Þór Traustason

Hvað er ritlist?

Hefurðu gaman af því að skrifa? Fílarðu bækur, ljóð, smásögur, leiktexta, þýðingar eða útgáfu? Þá gæti ritlist verið fyrir þig.

Mér finnst persónulega ritlist vera eitt merkilegasta og mest spennandi fagið í Háskóla Íslands. Það er listrænt og skapandi nám en að einhverju leyti bóklegra en hefðbundið listnám. Það er hægt að taka það með flestum námsleiðum á hugvísindasviði Háskóla Íslands sem aukafag. Þá er það tekið ásamt öðru fagi.

Spurningar um ritlist?

Huldar Breiðfjörð, lektor við HÍ, gaf sér tíma til að svara nokkrum spurningum fyrir áhugasama.

Hvernig nám er í boði?

Námið er 120 einingar nema nemandi hafi engan bakgrunn í bókmenntum, þá bætast við 30 einingar á grunnstigi. Ritlist er kennd sem aðalgrein á MA-stigi og aukagrein á BA-stigi.

Hvað er gert í tímum?

Tímar snúast mikið um endurgjöf á verkefni nemenda eða greiningar á hverskyns textum sem hafa verið settir fyrir. Það er líka eitthvað um fyrirlestra og við fáum mikið af skemmtilegum höfundum í heimsókn.

Það má segja að námið skiptist í þrennt. Smiðjur þar sem aðaláherslan er á skrif þátttakenda, lesnámskeið sem eru fræðileg námskeið tengd áhugasviði eða skrifum nemandans (til dæmis bókmenntanámskeið í íslensku) og svo MA-verkefni. Þau verkefni geta verið margvísleg, skáldsaga, leikrit, ljóðabók, kvikmyndahandrit eða hvað svo sem fólk kýs að skrifa.

Er þetta fyrst og fremst listnám? Er þetta líka hagnýtt?

Útskrifaðir nemendur í ritlist hafa farið í margskonar störf önnur en ritstörf. Til dæmis á fjölmiðlum, í bókaútgáfu og mjög víða í menningargeiranum þar sem ritfærni er krafist. Það er líka algengt að inn í námið komi fólk með aðra menntun, t.d. í sviðslistum, myndlist eða hverju sem er og langi að byggja ofan á hana með því að styrkja sérstaklega ritfærni sína.

Er nokkuð skiptinám í boði?

Já, nemandi í MA-námi í ritlist getur sótt um að verða skiptinemi við erlendan háskóla í eitt misseri.

Geturðu komið með dæmi um einfalda ritlistaræfingu sem lesendur gætu gert heima?

Prófaðu að setjast niður í 10 mín og skrifa setningar sem byrja á „Ég man...“.

Lífið á stúdentagörðunum

✍ Penni: Elís Þór Traustason

Stúdentagarðarnir eru oft fyrsti viðkomustaður þeirra sem flytja að heiman. Þetta er rómantísk hugsun að búa í lítilli íbúð niðri í miðbæ og ganga í skólann á hverjum degi. En hvernig virka þeir eiginlega? Hvað annað er í boði á háskólalóðinni?

Hverjir sjá um þetta allt?

Félagsstofnun stúdenta eða FS sér um stúdentagarðana við Háskóla Íslands og ýmsa aðra þjónustu við skólann. Hún heldur líka uppi Bóksölu stúdenta, Leikskólum stúdenta, Stúdentakjallaranum og Hámu sem er mötuneyti. FS er sjálfseignarstofnun sem þýðir að hún er ekki rekin með hagnaði. Þannig er hægt að bjóða upp á sem ódýrasta þjónustu fyrir nema Háskóla Íslands.

Í stjórn félagsins sitja fimm manns, þrír einstaklingar kosnir af Stúdentaráði, einn valinn af stjórn skólans og einn frá menntamálaráðuneytinu.

Háma og Stúdentakjallarinn

Háma er mötuneyti fyrir nemendur sem er rekið af FS. Hún hefur haldið lífinu í háskólanemum með heitum máltíðum, fjölda rétta úr kælum, kaffi og súpum, allt á sem lægstu verði. Í Hámu geta nemendur HÍ fengið afslætti á heitum mat með því að framvísa nemaskírteini. Hægt er að finna hana á yfir 10 stöðum úti um allt háskólasvæðið.

Stúdentakjallarinn er veitinga- og skemmtistaður á Háskólatorgi og er rekinn af FS. Munurinn á honum og Hámu er samt sá að allir með nemaskírteini frá öllum háskólum landsins geta fengið sömu afslætti og nemar við HÍ. Þar er hægt að hitta og kynnast fólki, mæta á viðburði og njóta góðra veitinga.

Heitur matur í Hámu

Almennt verð 1.530 kr., stúdentaverð 1.190 kr.
Kaffikort 20 bollar
Almennt verð 3.400 kr., stúdentaverð 2.800 kr.
Kaffikort 20 bollar, með eigin bolla
Almennt verð 3.000 kr., stúdentaverð 2.400 kr. [ef hægtsetja í sérramma]

Bóksala stúdenta

Til að stunda nám þarf slatta af bókum, námsefni og ritföngum, Bóksala stúdenta skaffar þetta allt. Hlutverk Bóksölunnar er að geta boðið upp á allar þær bækur í öllum þeim fögum sem kennd eru í háskólum en framhaldsskólanemendur hafa líka nýtt sér hana meir og meir undanfarin ár. Svo fást þar líka kaffibollar, ferðamál og bolir með merki HÍ. Auðvitað er allt á sem lægsta verði.

Íþróttahús Háskóla Íslands

Í Íþróttahúsinu er aðstaða í tækjasal og salur. Það er ekki rekið af FS heldur HÍ. Í boði eru líka skipulagðir tímar fyrir nemendur.

Stúdentagarðarnir

Félagsstofnun stúdenta var í fyrstu stofnuð árið 1968 til að sjá um byggingu á húsnæði fyrir nemendur. Í dag eru rúmlega 1.400 manns með leigusamningi hjá FS en á Stúdentagörðum búa á þriðja þúsund manns. Boðið er upp á allt frá einu herbergi yfir í fjögurra herbergja íbúð út um allan bæ, þó mest á háskólasvæðinu og nálægt miðbænum.

Húsaleigubætur

Að flytja á stúdentagarðana er ein hagstæðasta leiðin til þess að spara fé í leigu ef þarf að leigja á annað borð. Það sem margir vita ekki er að það er líka hægt að sækja um leigubótarstyrk sem geta verið rúmlega 30 þúsund í tilviki stúdenta. Ef leigt er með vinum á almennum markaði gilda húsaleigubætur aðeins fyrir einn í íbúðinni en allir á leigusamningi hjá FS geta sótt um húsaleigubætur.

Hvernig er sótt um?

Sótt er um á netinu. Allir geta sótt um en nemendur HÍ hafa forgang yfir aðra skóla og fólk af landsbyggðinni hefur ákveðinn forgang yfir íbúa af höfuðborgarsvæðinu í einstaklingshúsnæði.

Einu sinni var það þannig að umsækjandi þurfti að vera skráður í nám til að geta sótt um herbergi. Í dag er hins vegar hægt að sækja um pláss án þess að vera skráður nemandi við skólann. Margir þurfa nauðsynlega að vita hvort þeir fái pláss eða ekki áður en þeir hefji nám, þá er gott að geta verið búinn að sækja um.

Alltaf er verið að bæta við húsnæðiskostinn, nýlega var stúdentagarðurinn Mýrargarði tekinn í notkun og nú er verið að reisa viðbyggingu við Gamla Garð. Þar verða herbergi með sameiginlegri aðstöðu.

Herbergi

Ódýrasti og hagkvæmasti kosturinn er að leigja herbergi á gangi ásamt öðrum nemendum, eru þá um 7 til 10 herbergi saman. Oftast er hvert herbergi með sitt eigið baðherbergi en þau deila öll saman eldhúsi og stofu.

Félagslífið í svona herbergjum er miklu skemmtilegra og fjölbreyttara þar sem alls kyns fjölbreyttir leigjendur búa saman. Erlendir nemendur sækja sérstaklega í þetta búsetuform því þá geta þeir auðveldlega kynnst nemendum við skólann. Þetta hefur einnig komið í veg fyrir félagslega einangrun í Covid-19 faraldrinum hjá mörgum af þessum erlendu nemum.

Í sumum byggingum, t.d. Mýrargarði, er samkomusalur á neðstu hæðinni sem íbúar hafa ókeypis aðgang að og hægt er að panta (Gott fyrir útskriftarveislur en betra að bóka með fyrirvara).

Ódýrustu herbergin eru á Gamla Garði (80.890kr.) en dýrustu á Mýrargarði (99.278kr.).

Stúdíóíbúðir

FS er með margar stúdíóíbúðir. Þá er búið í eins herbergja íbúð með eigin aðstöðu. Þetta búsetuform er aðeins dýrara en herbergi með sameiginlegri aðstöðu. Íbúðirnar eru dreifðari um bæinn, þær eru á háskólasvæðinu, á Lindargötu í Miðbænum og í Brautarholti.

Leigukostnaður er frá 105 þúsund til 119 þúsund.

Para- og fjölskylduíbúðir

Stærri íbúðir eru almennt hugsaðar fyrir pör og barnafjölskyldur. Þær geta verið allt frá 2ja upp í 4ra herbergja. Þrír leikskólar eru á háskólasvæðinu fyrir nemendur með ung börn. Dýrustu og stærstu íbúðirnar eru um 180 þúsund.

Fylgist með á netinu

Endilega tékkið á Félagsstofnun stúdenta og þjónustu þeirra á þessum Instagram-reikningum:

- @felagstofnunstudenta
- @boksalastudenta
- @studentakjallarinn

Og á vefsíðunum:
- Fs.is
- studentakjallarinn.is
- boksala.is

Háskóli Íslands
- Hi.is

Sérstakar þakkir til Rebekku Sigurðardóttur hjá Félagsstofnun stúdenta fyrir allar upplýsingarnar og aðstoðina við þessari grein.

Gott að búa á Bifröst

✍ Aðsent efni eftir Guðjón Ragnar Jónasson

Háskólinn á Bifröst hefur í mörg ár boðið upp á frumgreinanám og þannig opnað mörgum leið að háskólanámi. Eftirspurn eftir slíku námi hefur verið mikil á undanförnum árum . Frumgreinanámið á Bifröst er fóstrað í svokallaðri háskólagátt og býr hún nemendur undir nám á háskólastigi í greinum hug- og félagsvísinda. Námið veitir einnig undirstöðumenntun á framhaldsskólastigi sem eykur samkeppnishæfni á vinnumarkaði. Í náminu er höfuðáhersla lögð á færni nemenda í grunngreinum framhaldsskólans: íslensku, ensku og stærðfræði.

Stór hluti þess fólks sem hefur misst vinnuna undanfarna mánuði er með annað móðurmál en íslensku og treystir sér því ekki til að stunda nám á íslensku. Til þess að koma til móts við þarfir þessa hóps var ákveðið að spegla námið í háskólagáttinni yfir á ensku og ná þannig til fólks með ýmis móðurmál og betri tungumálagrunn í ensku en íslensku. Þetta nám hófst á vorönn 2020.

Námið er sambærilegt náminu sem fer fram á íslensku að öðru leyti en því að kennt er á ensku. Í stað hefðbundinna íslenskuáfanga taka nemendur áfanga í íslensku sem öðru máli og í stað dönskuáfanga geta nemendur valið um að bæta við sig áfanga í ensku- og/eða áfanga í íslensku sem öðru máli. Um fjörutíu nemendur stunda þetta nám nú á fyrstu önninni sem það er í boði. Margir þeirra eru með stúdentspróf eða sambærilegt nám frá heimalandi sínu en fá ekki aðgang að íslenskum háskólum. Til dæmis útskrifast bandarískir nemendur 18 ára úr framhaldsskólum og taka því venjulega eitt undirbúningsár í í háskóla. Hér tala kerfin ekki saman. Háskólagáttinn opnar til dæmis þessum nemendum leið að námi við Háskólann á Bifröst.

Nemendur geta lokið náminu á rúmum sex mánuðum eða á tveimur önnum. Námstilhögun er sniðin að átakinu Nám er tækifæri. Markmið þess er að koma til móts við atvinnuleitendur með markvissum aðgerðum og hvetja þá til þess að sækja sér formlega menntun til að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði. Það er von okkar sem vinnum á Bifröst að háskólagátt á ensku opni leið fyrir fleiri erlenda nemendur að háskólanámi á Bifröst.

Nemendur háskólagáttarinnar á ensku koma úr öllum heimsálfum, utan Eyjaálfu. Algengast er að nemendur stundi nám sitt í fjarnámi og komi aðeins á Bifröst á svokölluðum vinnuhelgum. Nokkrir nemendur eru þó í staðnámi á Bifröst og una hag sínum vel í háskólaþorpinu.

Á Bifröst er hægt að leigja gott húsnæði á hagstæðum kjörum, til dæmis má leigja gott herbergi með sér salerni og aðgangi að eldhúsi og sameiginlegu rými á 55.000 krónur á mánuði. Þegar tekið er tillit til húsaleigubóta kostar rúmar 30.000 krónur að búa í rúmgóðu herbergi á Bifröst. Leiga á raðhúsi kostar um 125.000 á mánuði og dæmi eru um að pör borgi rúmar 70000 krónur fyrir raðhús. Innifalið í leigu er rafmagn, hiti og aðgangur að interneti. Einnig fylgir búsetu á Bifröst ókeypis aðgangur að líkamsrækt á staðnum. Ekki má heldur gleyma að leikskóli er á staðnum og nægt leikskólarými. Börn komast að í leikskóla strax að loknu fæðingarorlofi foreldra.

Búseta á Bifröst er líka hentugur kostur fyrir þá sem vinna heiman frá sér og kjósa hagstæða búsetu á kyrrlátum stað. Náttúran á Bifröst er fögur og sumir hafa á orði að það sé eins og að búa í fallegu málverki að búa á staðnum. Á Bifröst er blómlegt og gott manníf og kyrrðin engu lík. Kófið hefur kennt okkur að hægt er að vinna marga hluti að heiman og sveigjanleg vinna býður upp á sveigjanlegri búsetu. Altént er það góður kostur í hugum okkar Bifrestinga að búa í fallegum dal. Vonir standa til að þar myndist í fyllingu tímans sjálfbært samfélag þar sem áhersla er lögð á kröftugt og gott mannlíf.

MF-DOOM

✍ Penni: Arnar Bjarkason

Skálkar eru mikilvægir í öllum sögum þar sem að þeir eru iðulega upp-sprettur vandræða og drama í flestum þeirra. Einnig eru þeir mikilvægir hvað sem tautar og raular því án skúrks væri engin hetja. Slíkt hið sama gildir um rappbransann. Eflaust kannast flestir við það að rapptextar geta verið eilítið grófir oft og tíðum en er það ekki hluti af því að vera skúrkur? Mikið hefur verið fjallað um það hvort rapptónlist hafi slæm áhrif á samfélagið og hefur það verið ansi umdeilanlegt frá því að rapp var fyrst kynnt til sögunnar árið 1973. Sumir telja að rapptónlist stuðli að ýgi ungmenna og hafa rapparar eins og Eminem verið gagnrýndir harkalega fyrir að ýta undir hatursorðræðu gagnvart t.d. menningarkimum af ýmsum toga en aðrir vilja meina að hún hafi jákvæð áhrif á samfélagið. Þetta er þó þannig séð ekkert nýtt umræðuefni hvað afþreyingariðnaðinn áhrærir þar sem að t.a.m. skúrkum úr ofur-hetjumyndum og teiknimyndablöðum hafa oft einnig verið álasað fyrir að stuðla að slæmum verknuðum og einnig neikvæðum áhrifum á fólki í samfélaginu (sjá t.d. umræður um The Joker og The Dark Knight). En af hverju er ég að tala um rapptónlist í þessu samhengi? Nú, það er vegna þess að til var rappari sem sameinaði þessa tvo heima og gekk sá maður undir nafninu MF-DOOM (ásamt öðrum dulnefnum en komið verður inn á þau seinna í þessari grein). Þetta er sagan af „The Illest Villain."

„Villains who possess supernatural abil-ities— villains who were the personification of carnage. Madvillain, more accurately, the dark side of our beings. Perhaps it is due to this seminal connection that audiences can relate their experience in life with the villains and their dastardly doings."

(Madvillainy, The Illest Villains, 2004)

Daniel Dumile fæddist í London níunda janúar 1971. Hann var sonur trínidadískrar móður og föður frá Zimbabwe sem fluttust til Long Island í New York þegar hann var lítill. Hann hlaut aldrei bandarískan ríkis-borgararétt og safnaði myndasögum af mikl-um ákafa sem unglingur. Átti

þetta bæði eftir að hafa mikil áhrif á líf hans og list síðarmeir. 17 ára gamall stofnaði hann rapphljómsveitina KMD ásamt yngri bróður sínum Subrock. Hún komst á mála hjá Elektra- Records og Dumile þreytti rappfrumraun sína sem gestur í lokaversi í laginu „Gas Face" með rappsveitinni 3rd Bass þar sem að hann gekk undir rappnafninu Zev Love X. Hann var aðeins 18 ára þegar hann þreytti rappfrumraun sína.

Fyrsta plata KMD kom út 1991 við lítinn lúðraþyt og næsta breiðskífa þeirra var tilbúin 1993 en kom aldrei út, sökum eldfims titils, umslags, og róttækrar kyn-þáttapólitíkur. Á umslagi plötunnar Black Bastards er mynd af svartri Sambó-fígúru hangandi í gálga, og textar hennar voru inn-blásnir af róttækri hreyfingu svartra múslíma sem kennd er við fimm prósent Íslam. Platan kom loksins út árið 2001, en útgáfufyrirtæki sveitarinnar á þessum tíma setti plötuna ofan í skúffu og sagði upp samningi KMD, en á svipuðum tíma lést bróðir hans og samstarfs-maður, Subrock í bílslysi.

Þetta tvöfalda áfall varð til þess að Daniel Dumile varð fráhverfur hipphopp-bransanum og hvarf í þrjú til fjögur ár. Enginn sá hann en sjálfur sagðist hann hafa verið nánast heim-ilislaus, reikað stefnulaust um Manhattan og sofið á bekkjum, meðan sálrænu sárin greru og hann skipulagði hefnd gagnvart iðnaði sem hafði afskræmt hann. Seint 97 eða snemma 98 fór að troða upp rámur rappari á open mic kvöldum í Nuyorican Poets Café á Manhattan, náungi sem kom ávallt fram með grímu sem minnti á Marvel-óþokkann Doctor Doom. Glöggir áheyrendur þóttust þekkja þarna Daniel Dumile eða Zev Love X sem hafði ekki sést í mörg ár og kallaði sig nú MF DOOM.

Hann gaf út fyrstu breiðskífu sína Oper-ation: Doomsday árið 1999 undir MF-DOOM nafninu þar sem að hann sá um alla takta breiðskífunnar upp á eigin spýtur. Þarna varð til nýr listamaður og rödd, súperskúrkurinn MF DOOM sem spígsporaði gegnum freðna takta í súrrealísku vitundarflæði sem valhopp-aði milli hág- og lágmenningar, og textarnir vísuðu jöfnum höndum í teiknimyndasögur, heimspeki, morgunkorn, kung-fu-myndir og jafnvel málfræði. Helsta einkennismerki MF-DOOM var málmgríma sem bar keim af málmgrímu Dr. Doom úr Fantastic Four. Hann sást aldrei á almannafæri án grímunnar mikilfenglegu.

Upp úr aldamótum var mjög afkastamikill tími fyrir MF DOOM, hann gaf út nokkrar instrumental-plötur undir nafninu Metal Fingers, og tvær breiðskífur undir nöfnunum King Geedorah og Vaudeville Villain árið 2003. Á þessum tíma var hann að þróast sem rappari og taktsmiður, en sem slíkur notaðist hann mikið við raddbúta úr gömlum kvik-myndum og sjónvarpsþáttum, sem oft vísuðu til skúrka, sem ásamt grímunni góðu ljáðu lögum hans leikrænan blæ. Sem rappari var hann skúrkur sýningarinnar.

Árið 2002 kynntist MF DOOM upp-tökustjóranum Madlib frá Kaliforníu. Þeim kom afar vel saman en voru þeir báðir miklir aðdáendur kannabisreykinga og rykfallinna djassplatna. Báðir voru þeir ómeðvitaðir um það að samstarf þeirra átti eftir að geta af sér eina af bestu plötum 21. aldar eða Madvillainy. Þarna hittust tveir ólíkir listamenn sem deildu anda frekar en aðferðafræði, það er eitthvað við áferðina í rappi MF DOOM sem fellur eins og flís við rass takta Madlib. Þeir runnu saman í persónuna Madvillain, og platan þeirra Madvillainy er ein sú besta

sem 21. öldin hefur gefið af sér en hún er 22 lög og 46 mínútur, engin viðlög og engar málamiðlanir, neðanjarðar hip-hop sem samt er hægt að spila fyrir nánast alla.

Madlib er algjör sérvitringur hvað rapp--taktsmíð varðar og er hann afar oft talinn vera á meðal þeirra bestu frá sinni kynslóð. Taktarnir á Madvillainy hjálpuðu gífurlega við það að ljá honum þann titil. Hann er þekktur fyrir að leita fanga í t.a.m. bossa nova, sýrudjassi, kántríi, prog-rokki og lyftutónlist sem þótti afar óvenjulegt á sínum tíma. Lögin eru stutt, flest ein til tvær mínútur, án viðlaga, og hvergi annars staðar er hægt að heyra betur eimaðan kjarna þess sem MF DOOM gerir betur en allir aðrir.

Líkt og á langflestum plötum MF-DOOM er enginn sérstakur söguþráður en sjálfur hefur hann sagt að klikkuðu skúrkarnir í breiðskífum hans séu nóg til þess að mynda lauslegt þema. MF- DOOM leggur frekar áherslu á óþrjótandi hugmyndaauðga, lygilega orðgnótt og súrrealískt vitundarflæði sem hoppar frá einni óviðjafnanlegri myndlíkingu til þeirrar næstu, fram hjá rökhugsunar-stöðvum heilans og sem sullast beint ofan í orðasalat undirmeðvitundarinnar. Því það er þannig sem heilinn virkar í raun og veru, myndar tengingar milli orða í gegnum rím, handahófskenndar minningar, hljóðræn líkindi og skrýtinn húmor, en það eru bara fáir sem ná að koma því á framfæri á jafn skapandi hátt og MF-DOOM. Það væri of langt mál að telja upp lista hinna ýmsu miðla um bestu plötur ársins, áratugarins og aldarinnar þar sem Madvillainy er ofarlega, en Earl Sweatshirt segir plötuna hafa haft svipuð áhrif á sína kynslóð og Wu-Tang Clan gerði með Enter The Wu-Tang (36 Chambers) áratug fyrr, og listamenn eins og Tyler The Creator, Thom Yorke, Danny Brown, Flying Lotus og Damon Albarn telja hana til sinna uppáhalds. Árið 2005 rappaði MF DOOM í laginu Novem-ber has Come á metsöluplötunni Demon Dayz með Gorillaz og gaf út plötuna Mouse and the Mask undir heitinu Danger Doom í samstarfi við heitasta upptökustjóra þess tíma, Dangermouse. Hún var gefin út í samstarfi við teiknimyndarásina Adult Swim og raddir úr Aqua Teen Hunger Force bundu hana saman. Danger Doom er ekki talin vera eins góð og Madvillainy en fagurfræði taktanna er líka allt önnur, í stað skítugra svart-hvítra djass-sampla eru skærir teiknimyndasyn-þar í teknícolor. En rám rödd MF DOOM, marglaga rím-strúktúrinn og freðna kímnigáfa hans eru þó alveg jafn upplögð þó hljómurinn sé öðruvísi.

Árið 2009 kom út sjötta og síðasta sólóbreiðskífa MF DOOM sem var talsvert dekkri en þær sem á undan komu. Titill-inn Born Like This er vísun í ljóð Charles Bukowski, en upptöku af honum má heyra á plötunni. Síðan eiga Wu-Tang-meðlimirnir Ghostface Killah og Raekwon eftirminnilegar gestainnkomur og upptökustjórinn J-Dilla sem þá var látinn á nokkra góða takta. Annars er platan nánast bara DOOM og gallsúrar rímur ásamt stórfurðulegu skopskyni hans. Born Like This sem kom út 2009 var síðasta óum-deilda meistaraverkið frá MF DOOM.

MF DOOM var aldrei fyrirsjáanlegur og stundum ósvífinn í list sinni, enginn vissi hvernig hann leit út í seinni tíð og hann átti til að senda staðgengla með stálgrímuna til að koma fram á tónleikum í sínu nafni. Það reitti áhorfendur til reiði en hann sagðist vera leikstjóri persónunnar MF DOOM sem hver sem er gæti leikið. Árið 2010 fór hann í tónleikaferð um Evrópu en var ekki leyfð innganga í Bandaríkin þegar hann hugðist snúa aftur vegna skorts á ríkisborgararétti, þrátt fyrir að hafa búið þar í um 30 ár og eiga bandaríska konu og þrjú börn með henni.

Eftir það var hann tilknúinn til þess að fara til Lundúnar og þar sem fjölskyld-an fluttist til hans einnig. Hann bjó þar ásamt fjölskyldu sinni alveg þar til að hann safnaðist til feðra sinna þann 31. október árið 2020. Síðasti áratugur hjá MF DOOM var ekki jafn afkastamikill og sá sem á undan kom og gæðin slaga heldur ekki í hápunkta hans á 1. áratug aldarinnar. Hann gaf út samstarfsplötur sem ekki hafa farið hátt og átti gestavers hér og þar, t.d. hjá hljómsveitinni BADBADNOTGOOD.

Einkalíf MF DOOM hefur alltaf verið á talsverðu reiki, hann var aðeins 49 ára að aldri og ekki er vitað hvort einhver veikindi voru að hrjá hann. Það er í raun mjög skrýtið að andlát jafn vinsæls listamanns sé ekki tilkynnt fyrr en tveimur mánuðum eftir á og ekkert sé gefið uppi um dánarorsök. Þó eru ekki margar dægurstjörnur jafnheppnar og MF-DOOM þar sem fjölskyldan hans fékk að syrgja hann í friði vegna leyndardómsfulls ferils hans. Allt bendir þó til þess að helsta neðanjarðarhetja (eða skúrkur) rappsögunnar sé fjörvana. Bresk-bandarískri rapparinn Daniel Dumile eða MF-DOOM var víðkunnur fyrir bráð-skemmtilega orðaleiki, margatkvæða innrím og gallsúrar myndlíkingar sem ullu upp úr barka hans eins og ekkert væri. Hann batt bagga sína svo sannarlega ekki sömu hnútum og samferðarapparar sínir en saga hans er því einstök og stútfull af þjóðsögum og leyndar-dómi frá fæðingu til dauðadags. Hann lést 31. október en fregnir af því voru ekki gerðar opinberar fyrr en á gamlársdag tveimur mán-uðum síðar í Instagram-færslu frá eiginkonu hans. Hann var 49 ára og ekkert hefur enn verið gefið upp um dánarorsök hans.



Rapptónlistar-menning í MR

✍ Penni: Arnar Bjarkason

Kveld eitt 17. mars árið 2021 hlustaði ég mikið á rapp líkt og ég geri nánast alltaf áður en ég fer að sofa (mæli ekki með/mæli með). Á meðan ég var að hlusta á rappara og rapphljómsveitir eins og Wu-Tang Clan, Eminem, Mos Def, MF--DOOM o.s.frv. fór ég að velta því fyrir mér hvort að ég væri „not like the other girls"(þó að ég sé nú ekki einu sinni stelpa). Enn fremur fór ég að spá í það hvort að álit MR-inga á rapptónlist væri eins og mín, hvort við ættum sameiginlega uppáhaldsrappara o.s.frv. Ég rauk upp úr rúminu mínu og hóf að hanna róttæka könnun sem átti eftir að verða byltingarkenndasta könnun mannkynsins. Þessa könnun ætlaði ég mér að lyktum að birta á sjálfum Facebook-hópnum „'03 árgangur MR" og gerði ég það kl. 22:58 á miðvikudagskvöldi. Eftir fimm daga voru 72 nemendur skólans (held ég) búnir að spreyta sig á þessari könnun og voru þetta svona helstu niðurstöður hennar.



Eminem að flytja demo-útgáfu af laginu „Just Don't Give A Fuck" í Detroit árið 1997

„Ert þú aðdáandi rapptónlistar?"

Hér spurði ég nemendur hvort að þeir væru aðdáendur rapptónlistar og gaf ég þeim 4 eftirfarandi möguleika til svars:

1. *Hell yeah*
2. *Nah*
3. *Jájá*
4. *Er rapp einu sinni tónlist?*

71 nemandi af 72 svaraði þessari spurningu og voru niðurstöðurnar þessar:

22 nemendur sögðu „Hell yeah" (31%)
12 nemendur sögðu „Nah" (16,9%)
31 nemandi sagði „Jájá" (43,7%)
6 nemendur sögðu „Er rapp einu sinni tónlist?" (8,5%)

Hver er uppáhaldsrappari MR?

Í könnuninni spurði ég MR-inga hver uppáhaldsrapparinn þeirra væri. Aðeins 36 af 72 þátttakendum svöruðu þessari spurningu og samkvæmt atkvæðagreiðslunni er Kanye West uppáhaldsrappari MR-inga. Hér eru niðurstöðurnar úr atkvæðagreiðslunni:

Kanye West: 7 atkvæði

MF-DOOM og Eminem: 4 atkvæði

Childish Gambino, Kendrick Lamar, Playboi Carti, Kid Cudi og Herra Hnetusmjör: 3 atkvæði hver Tyler The Creator, J. Cole, Pop Smoke, Travis Scott, A$AP Rocky og Wu-Tang Clan: 2 atkvæði hver

Pitbull, Lil Uzi Vert, Yung Lean, Ecco2k, Macklemore, Drake, Gucci Mane, Gústi B, 6ix9ine, Skepta, MED, Quasimoto, 2Pac, Outkast, Baby Keem, King Von, Juice WRLD, Ski Mask The Slump God, Polo G, Flosi V Slowthai, Gísli Pálmi, Logic, Biggie (The Notorious B.I.G.), BlazRoca og Cardi B: 1 atkvæði



Skoðun MR-inga á rapptónlist

Í þessum hluta könnunarinnar ákvað ég að spyrja þá 72 nemendur sem tóku þátt í henni hver skoðun þeirra væri á rapptónlist. Ég gaf þeim 6 valkosti og hljómuðu þeir svona:

1. *Hún er mergjuð!*
2. *Hún er ágæt*
3. *Stundum getur hún verið góð*
4. *Hún er oftast lágkúruleg*
5. *Ég HATA rapptónlist*
6. *Hún er ekki fyrir mig en ég skil hvernig hún getur höfðað til annarra*



71 nemandi af þeim 72 sem tóku þátt svaraði þessari spurningu.

Flestir svöruðu „Stundum getur hún verið góð" en var það svar 23 nemenda (32,4%). 20 nemendur hökuðu við „Hún er mergjuð" (28,2%), 12 nemendur svöruðu „Hún er ágæt" (16,9%) og 10 nemendur sögðu „Hún er ekki fyrir mig en ég skil hvernig hún getur höfðað til annarra" (14,1%). Að lokum má nefna að 5 nemendur sögðu að rapptónlist væri „oftast lágkúruleg" (7%) og 1 nemandi sagðist „HATA rapptónlist" (1,4%).

Uppáhaldsrapptímabil MR-inga

Fullyrðingin hljóðaði svo: „Ef ég þyrfti að hlusta á rapp frá aðeins einu tímabili þá myndi ég hlusta á:" og átti hún að leiða í ljós hvert uppáhaldsrapptímabil nemenda úr „Lærða skólanum" væri. 69 nemendur af 72 fylltu í eyðuna. Gaf ég þeim 5 mismunandi tímabil í sögu rapps og voru þau þessi:

1. *70's rapp*
2. *80's rapp*
3. *90's rapp*
4. *00's raoo*
5. *Nútímarapp*

Vinsælasta tímabilið var vitaskuld „Nútímarapp" en völdu 32 nemendur (46,4%) þann valmöguleika. Næstvinsælasta tímabilið var „90's rapp" og völdu 18 nemendur (26,1%) það tímabil. Á eftir „90's rappi" kom „00's rapp" og kusu 13 nemendur (18,8%) það tímabil. Að lyktum má nefna „80's rapp" og „70's rapp" sem hlutu ekki eins mikillar hylli þar sem að 4 nemendur (5,8%) völdu 80's rapp og aðeins 2 nemendur (2,9%) völdu 70's rapp.



Hvað er það sem heillar MR-inga við rapptónlist?

Hérna spurði ég nemendur MR hvað það væri sem heillaði þá við rapptónlist. 67 af 72 svöruðu þessari spurningu en svarmöguleikarnir voru eftirfarandi:

1. *Innihald textans*
2. *Takturinn*
3. *Hrynjandi textans/rímið*
4. *Viðhorf rapparans*
5. *Tilfinningin sem tónlistin framkallar*
6. *Annað*



Það sem heillar MR-inga mest við rapptónlist (miðað við þessa 67 aðila) er taktur tónlistarinnar en 26 nemendur hökuðu við þann svarmöguleika (38,8%). Það sem virðist heilla MR-inga næstmest á eftir taktinum er „Hrynjandi textans/rímið" en 18 nemendur af 67 samsinntu því (26,9%). Vinsæll svarmöguleiki var einnig „Tilfinningin sem tónlistin framkallar" og sögðu 12 nemendur þetta (17,9%). Þeir möguleikar sem nutu ekki eins mikilla vinsælda á meðal þessara 67 nemenda voru „Innihald textans" (5 nemendur eða 7,5 %), „Annað" (4 nemendur eða 6%) og að lokum „Viðhorf rapparans" (2 nemendur eða 3%).

Út frá þessari niðurstöðu er ekki háskalegt að ályktа að það sé samræmi á milli þess sem heillar nemendur í MR og uppáhaldsrappara þeirra þar sem að sá rappari (og aðrir uppáhaldsrapparar á meðal MR-inga) er einnig nafntogaður fyrir sína snilli í taktsmíð.

Hefur rapp slæm áhrif á samfélagið?

Síðasta spurning könnunarinnar hljómaði svo: „Telur þú að rapp hafi slæm áhrif á samfélagið?" Hér komu upp mjög áhugaverðar niðurstöður þar sem að 42 aðilar (59,2%) svöruðu „Nei" 25 aðilar (35,2%) „Já og nei" og aðeins 4 (5,6%) „Já". Þetta gefur til kynna að nemendur í MR hafi bersýnilega sterkar skoðanir hvað rapptónlist áhrærir (miðað við 71 svar af 72 þeirra sem tóku þátt í könnuninni).



✍ Penni: Arnar Bjarkason

Tónlist er frábært fyrirbrigði, eða svo segja um 90% mannfólks á jörðinni. Tónlist er einnig stór hluti af lífi hvers og eins í samfélaginu, hvort sem að fólki líkar við það eður ei og getur tónlist því verið afar stór hluti af sálrænu mótunarferli einstaklinga samfélagsins. En hvers vegna er til eitthvað sem heitir „tónlistarsmekkur" og hvað er það við uppáhaldstónlistartegund þína sem heillar þig svona upp úr skónum? Er tónlistarsmekkurinn þinn góður leiðarvísir um persónuleika þinn? Hér að neðan eru nokkrar mögulegar skýringar fyrir því hvers vegna þú laðast að tiltekinni tónlistartegund þar sem að það sem við hlustum á er nú að hluta til hluti af okkar sjálfi.

Mos Def (1999) Rapp/Hip Hop

Þú ert vanur því að loka á þér þverrifunni hvað óvirðulegar athugasemdir áhrærir og ert mjög hlutdrægur, innhverfur og félagsfælinn. Það eitt að sjá rapp og hip hop (tvær mismunandi tónlistartegundir) skelltar saman í sömu tónlistarsúpu gæti orðið þér til mikillar skapraunar. Þú veist að hip hop er menningarlegt líferni og rapp er ekkert annað en ljóðrænn flutningur. Þú ert líka þreyttur á því að heyra það að auðvelt sé að semja rapptónlist og að samning slíkrar tónlistar krefjist ekki mikillar viðleitni. Þetta á líklegast þó aðeins við þig ef þú ert rappaðdáandi. Aðdáendur hipp-hopps eru á hinn bóginn orkumiklir og taktfastir hlustendur (þeir hafa einnig tilhneigingu til þess að vera hrokagikkir). Þeir njóta helst félagslegrar þáttar tónlistarinnar: dansa, syngja með og upplifa hana með öðrum í stað þess að sitja einir út í horni með hana í heyrnartólum sínum. Eins og rapparar sjálfir, töldu hipp-hopp aðdáendur sig vera úthverfir og töldu sig vera með mikið sjálfsöryggi líkt og kom fram í rannsóknum North. Önnur rannsókn sýndi fram á það að bæði hipp-hopp og rappaðdáendur séu líkir Kanye West að því leyti að þeir eru haldnir „blirtatiousness" en það er sú tilhneiging til að glopra út úr sér hugsunum um leið og þær myndast (er það talið góð ástæða fyrir því að rapparar séu færir í að leika af fingrum fram í list sinni líkt og djasstónlistarmenn).

Tónlistategund vs Persónuleiki

Skrillex (2012)
Raftónlist
Þú hefur varið nokkrum mánuðum ævi þinnar á tónlistarhátíðum. Þú ert mikill unnandi glæfraferða og neytir „gleðiefna". Þú veist að þessi tónlist sé meira en aðeins rafrænn hávaði og þú veist líka að samning EDM-tónlistar krefst meistaralegs skilnings á tónfræði og tæknilegri getu. Þú ert skemmtilegur, fordómalaus, víðsýnn og mjög líklega mikill dýrkandi partýa.

Skálmöld (2012)
Þungarokk
Þú ert þýð og skapandi manneskja en þig skortir sjálfsöryggi og ert afar félagsfælin. Einnig sýna sumar rannsóknir að þeir sem hlusta á þungarokk séu latari heldur en aðrir og femur þverúðugir.

Carrie Underwood (2019)
Kántrí
Þú hefur íhaldssöm gildi og ert nógu framfarasinnaður til þess að þekkja ástríðu þína fyrir tónlist. Þú virðist skilja að kántrí sé ekkert nema tónlist ástar, löngunar, ábyrgðar og skyldu. Þú ert traustur, eljusamur, hæverskur og óbrigðull einstaklingur. Einnig ertu viðmótsþýður og afar líklega úthverfur. Aftur á móti ertu líklegri til þess að vera þröngsýnni en aðrir hvað samþykki annarra tónlistartegunda varðar.



Sígild tónlist
Ludwig van Beethoven (1820)
Þetta hófst allt með slaghörpukennslum og löngum, erfiðum nóttum í námi og núna spilast þessi tónlist umhverfis þig allan liðlangan daginn, bæði í bakgrunni og forgrunni lífs þíns. Fágaði smekkur þinn gerir þér kleift að kryfja hverja samsetningu til mergjar. Þú gaumgæfir oft og tíðum hvað gerir hverja tónsmíð sérstaka. Þú og saga eru mjög líklega hollvinir og þú eyðir hugsanlega of miklum tíma í að horfa á tónlistarverk í stíl fyrri tíma á Netflix. Þú ert skapandi, sjálfsöruggur, ábyggilega skarpgreindur og innhverfur einstaklingur.

Lady Gaga (2014)
Popptónlist
Poppaðdáendur virðast ekki vera eins skapandi og aðdáendur annarrar tónlistartegundar og hafa tilhneigingu til þess að vera áhyggjufyllri en aðrir. Þó er ekki öll von úti þar sem að fólk sem hlustar á popptónlist er oftast mannblendnara, sjálfsöruggara og þægilegra viðureignar. Ef þú hlustar á popp ert þú einnig líklegri til þess að nota tónlist sem ákveðna leið til þess að hafa stjórn á skapi þínu og ræðst skapið þitt ríkulega af því hvers konar tónlist þú hlustar á.

AC/DC (1981)
Graðhestatónlist (djók)
Rokktónlist
Þeir sem hlusta á klassíska rokktónlist eru eljusamir og eru vanalega færir í því að hafa stjórn á skapi sínu. Þó er helsti löstur þeirra sá að þeir eiga það til að vera eilítið borginmannlegir. Líkt og poppaðdáendur nýta þeir sér tónlist til þess að hafa hemil á skapi sínu. Dýrkendur indí-rokks eru iðulega afar skapandi og víðsýnir en hafa lítið sjálfsöryggi og eiga það til að vera iðjuleysingjar. Þeir sem hlusta á ræflarokk (pönkrokk) eru einkar tilfinningaríkir og orkumiklir en skortir þá meðaumkun.

Miles Davis og John Coltrane (1960)
Djass og blús
Þú ert afar víðsýnn og býrð yfir gífurlega frjóu ímyndunarafli. Kalla mætti þig Auði djúpúðgu því að þú ert mjög líklegur til þess að leggjast afar djúpt í hugsanir þínar. Þú og rapptónlistardýrkendur búið kannski yfir sameiginlegum eiginleika og er sá eiginleiki það að geta leikið af fingrum fram á sannfærandi hátt.

„Mamma vissi alveg hvað hún
var að gera þegar hún gaf mér
fyrstu gítarinn!“

TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn

TÓNASTÖÐIN • SKIPHOLTI 50D • REYKJAVÍK • S. 552 1185 • WWW.TONASTODIN.IS

Hvers vegna siðfræði?

Penni: Embla Waage

Ungmenni eru sjálfmiðaðir drullusokkar. Þetta er að minnsta kosti staðalímyndin sem við eltum í blindni. Sum okkar hafa búið til þægilegar venjur til þess að lifa í samræmi við þessa hugmyndafræði. Hvenær ræddir þú við foreldra þína án þess að troða inn smávægilegri lygi? Hvenær borðaðir þú fimm lífræna ávexti á dag? Staðreyndin er sú að þessi staðalímynd byggist á raunveruleika. Þótt flestar áðurnefndu spurningarnar bitni mestmegnis á ungmenninu sjálfu, finnast margar fleiri sem geta hæft á öðrum. Sem betur fer finnst lausn á þessum vanda. Lausn svo bersýnileg að fáir veittu henni eftirtekt. Að sjálfsögðu þurfa öll ungmenni að læra siðfræði!
Siðfræði getur ekki skapað góðmennsku í börnum Satans. Þó, getur hún leiðbeint þeim í rétta átt. Fyrir ungmenni sem kjósa raungreinar yfir hugvísindi getur þetta ferli reynst erfitt. Það fyrirfinnst ekkert rétt svar. Í staðinn skapar siðfræðin tækifæri til þess að spyrja sig spurninga. Er ég óræsti ef ég stel af ömmu minni? Ætti ég að setja á mig svitalyktareyði eða leyfa bekkjarfélögum mínum að kveljast? Sumir gætu jafnvel farið að spyrja sig enn mikilvægari spurningar. Þetta er fólkið sem viðheldur samfélagi manna.



Vilhjálmur Árnason, stjórnarformaður Siðfræðistofnunar við Háskóla Íslands, segir hér frá sinni hlið. Hann er prófessor í heimspeki og hefur kennt við háskólan í tæp 40 ár. Auk þess hefur hann skrifað nokkrar bækur: m.a. Farsælt líf, réttlátt samfélag (2008) og Siðfræði lífs og dauða (1993/2003).

Erfitt að segja hvort ungmenni séu sjálfmiðuð

Vilhjálmur segist ekki geta svarað þeirri staðhæfingu að ungmenni séu sjálfmiðuð í eðli sínu með einföldu svari. „Ég þekki ungmenni sem eru bæði sjálfmiðuð og alls ekki sjálfmiðuð.” Hann tekur þó fram að hann þekki ekki almennt til ungmenna. Auðvitað þekkir hann nemendur sína, sem hann telur afar félagslega meðvitað fólk. Hann nefnir einnig eldri barnabörnin sín sem hafi mikla samkennd með öðrum. Hann myndi því ekki segja, út frá sínum kynnum, að ungt fólk sé nauðsynlega sjálfmiðað. Þó auðvitað séu mörg dæmi um einmitt hið gagnstæða. „Ég held satt að segja að mér finnist oft fullorðið fólk sjálfmiðaðra heldur en ungt fólk. Mér finnst oft ungt fólk vera með ríkari réttlætiskennd og hugsjónir sem gleymast með aldrinum.”

Að áhrif siðfræðikennslu séu mikilvæg en stundum ofmetin

Þegar hann er spurður um áhrif siðfræðikennslu í framhaldsskólum segir hann að stundum séu áhrif siðfræðikennslu ofmetin. „Ég held að það skipti ennþá meira máli að alast upp við gott uppeldi og samfélag.” Þó getur vissulega siðfræðin aðstoðað við að vekja fólk til vitundar. Fólk getur velt fyrir sér hvernig manneskja það vill vera og hvers konar samfélagi sé æskilegt að stefna að. „Siðfræðin hvetur okkur til að hugsa virkilega um mikilvæg efni sem varða okkur sem persónur og borgara.” Þetta á við um fleiri efni, jafnvel tilgang lífsins. Einnig geti siðfræðinám unnið gegn svokallaðri siðfræðilegri blindu. Þegar fólk lætur sér ekki nægilega um hluti varða; siðferðilegar spurningar um ábyrgð og samábyrgð. „Ég held reyndar að Covid hafi haft góð áhrif í þessa veru. Við hugsum meiri um samábyrgð okkar.” Hann lýsir því hvernig við stöndum öll saman og berum ábyrgð á þeim sem standa höllum fæti. Þó má gagnrýna að helst virðist þetta vera bundið við landamærin. „Ég held að við þurfum að hugsa hnattrænt.” Hann tengir þetta allt saman í þeim skilningi að siðfræðin geti haldið öllum þessum spurningum opnum og vakandi.

Ungt fólk ætti að láta lýðræði sér varða

„Hvað er lýðræði? Hvað er mikilvægt við lýðræði?” Ungt fólk ætti að láta þessar spurningar mjög um sig varða. „Það er svo hættuleg þróun í samfélaginu í dag, til dæmis á samfélagsmiðlum.” Hér má nefna hinn svokallaða „logarithm:a” sem lokar okkur af í bergmálsherbergjum; okkar eigin hópa sem endurspegla einungis okkar eigið viðhorf. Þetta er afar vafasamt ef við ætlum okkur að móta lýðræðislegt samfélag. Þá þurfum við að vera upplýst, gagnrýnin í hugsun og reiðubúin að rökræða samfélagsmál.

Páll Rafnar Þorsteinsson er verkefnastjóri við Siðfræðistofnun Háskóla Íslands. Hann segir hér frá sinni hlið.

Siðferðisveran verður til í kjölfar þroska

Það er í eðli barna og ungmenni að vera sjálfmiðuð. „Ég er nú tiltölulega nýr faðir. Ég fæ að upplifa mjög sterkt hvað lítið kornabarn er fókuserað á sínar þarfir og langanir.” Á sama tíma finnst honum gaman að fylgjast með hvernig þessi gagnkvæmni verður til. „Þessi viðleitni og vilji til þess að sýna væntumþykju.” Þá er í raun hægt að sjá hvernig siðferðisveran birtist. Þetta þróast síðan í gegnum leik og með þroska. Við förum að sýna öðrum meiri áhuga og tillitssemi. Páll tekur einnig fram að siðferði veltur auðvitað líka af aðstæðum og uppeldi.

Þó segist hann ekki sammála þeirri staðhæfingu að ungmenni séu sjálfhverf. „Sumir læra betur en aðrir að taka aðra með í reikninginn… Aðrir virðast fara á mis við það.” Siðferðisvitund er hluti af þroskaferli manneskjunnar. Svo þroskumst við misvel en flest alveg ágætlega.

Að vera ekki sjálfhverfur

Góð manneskja er tillitsöm, réttsýn og sanngjörn. Þetta eru dygðir sem byggjast allar á athöfnum. „Það sem einkennir góða manneskju er kannski ekki bara það að gera hlutina, heldur að gera hlutina af ákveðinni ástæðu.” Að gera hlutina með ákveðnum vilja og af glöðu geði. Ekki vegna þess að við upplifum það sem skyldu eða væntingu samfélagsins. „Góð manneskja er sú manneskja sem hefur tileinkað sér ákveðna tegund af breytni, gerir hana viðstöðulaust og gerir hana af gleði.” Þessir mannkostir lýsa allir manneskju sem tekur tillit til hagsmuna, tilfinninga og upplifana annarra. Í raun er verið að lýsa manneskju sem ekki er sjálfhverf.

Mikilvægt er að hugsa um siðferði

„Fyrst og fremst er gagn á því að hugsa um siðferðilega þætti.” Við erum öll siðferðisverur sem búum við ákveðin siðferðislegan veruleika. Við lærum að horfa á veruleikan frá sjónarhorni annarra eða með tilliti til víðari hagsmuna. Við þurfum að hugsa um siðferði til þess að henda reiður á okkar upplifanir. „Það sem við upplifum sem kröfur frá samfélaginu [og] væntingar til okkur sjálfra.” Þó lærum við í gegnum samtal við aðra. Alveg eins og við lærum um sjálf okkur með því að bera okkur saman í skynsamlegu samtali.

„Siðfræðin er síðan viðleitni til þess að skilja þessa siðferðilegu þætti á skipulagðan hátt.” Að leita eftir samhengi á milli ólíkra þátta siðferðis: t.d. verðmæta, siðaboða og dygða. „Þetta auðvitað hjálpar okkur í samtali. Að fara yfir skipulega viðleitni til þess að skilja þetta fyrirbæri.” Að lesa siðfræði í framhaldsskólum væri því mjög gagnlegt að hans mati.

Hann bætir við að auðvitað sé mikilvægt að vera meðvituð og gefa gaum að siðferðilegum hliðum tilverunnar og lærum þannig í verki; en við lærum líklega mest á því að orða siðferðileg efni í samtali með öðrum. Þannig kynnumst við fleiri hliðum, sjónarhornum og upplifunum. Svo er fræðilega nálgunin ákveðinn „bónus“, sem hjálpar okkur að öðlast skilning og getur t.d. verið efniviður í spurningar og samtal.

Traust þessarra manna á ungmennum kemur eflaust mörgum á óvart. Auk þess að líta á ungmenni sem fólk, telja þeir að munur siðferðis milli kynslóða sé ekki marktækur. Að minnsta kosti ekki jafn mikill og margir bjuggust við. Það er vissulega engin skaði í bóklegu námi. Þó benda þeir á mikilvægi þess að hugsa um siðfræði og beita gagnrýnni hugsun í daglegu lífi. Sem betur fer fyrir flest okkar, þarf einungis viljan til þess að koma því ferli af stað. Að innleiða þennan vilja í líf þitt getur aðstoðað þig að takast á við hin ýmsu verkefni. Eða það sem mikilvægari er, aðstoðað aðra við þau.

Busatips!!!

Penni: Katrín Valgerður

1. *Hættu að hugsa og gerðu bara eitthvað, ekkert skiptir máli þannig gerðu bara eitthvað.*
2. *Þú þarft ekki að vera týpa öllum er slétt sama það er líka öllum sama í hvaða menntaskóla þú ert (@ mr og verslo).*
3. *Pakki af maryland-kexi kostar 78kr í krónunni.*
4. *Það er hægt að overdosa af koffíni þannig farðu að sofa einu sinni apakötturinn þinn.*
5. *Við höfum öll verið þar að fá 2 á prófi.*
6. *Það bætir mann og sál að skrópa í þriðja mál.*
7. *Það er líka í lagi að skrópa í fyrsta tíma.*
8. *Ekki samt falla á mætingu plís.*
9. *Til þess að eignast vini er best að*
10. *Það er allt í lagi þó þú peakar ekki í menntaskóla.*
11. *Ekki fara í frönsku sem þriðja mál.*
12. *Ekki drekka landa fáðu frekar mömmu og pabbi til að fara í ríkið.*
13. *Ekki fara á eðlisfræðibraut nema þú viljir þér mein.*

Hrúðurkarlar

Hret og hrúðurkarlar
Harðneskjulegir fjandar
Dvelja duttlungafullir
Á dökkum steinum þunnir
Í fjörunni liggja þeir fastir
Þar sem freri og gerringur ríkja mest
Líkt og kaldur logheimur, sú kölskapest
Mun kæfa allt og alla í hasti
Þrífast þeir ýmist í flóði eða fjöru
Og þrákelknir límast að stafni
Og jafnvel í heitasta hyldýpi Möru
Heita þeir hrjúfara nafni
Lifa með öðrum en lifa þó senn
Í langgæðri einsemd og biturð
Von fyrir frelsinu finna þeir enn Þar til
Maran draum þeirra hylur

Arnar Bjarkason

Hitastjórnun

Ef það er of kalt úti, biddu sólina um að opna glugga
Ef það er heitt úti, biddu vindinn um að kveikja á loftræstingunni.

Ef hvorugt virkar er svarið alltaf lopapeysa, í henni eða úr.

Elís Þór Traustason

Það er nóg að byrja á

hæ

Ekkert vandamál er of stórt
eða of lítið fyrir netspjall **1717**

HJÁLPARSÍMI OG NETSPJALL RAUÐA KROSSINS
1717 .is
Ókeypis • Trúnaður • Alltaf opið

Við erum alltaf til staðar

Um 95 manna hópur sjálfboðaliða starfar við símsvörun og spjall hjá Hjálparsímanum 1717 og netspjalli Rauða krossins. Allir sjálfboðaliðar hafa farið í gegnum yfirgripsmikla fræðslu, námskeið og þjálfun.

Hlutverk Hjálparsímans 1717 er að vera til staðar fyrir alla þá sem þurfa að ræða sín hjartans mál í trúnaði og einlægni við hlutlausan aðila og má segja að ekkert sé Hjálparsímanum óviðkomandi.

Krossgáta

Lárétt

4. listamannanafn Erps Eyvindarsonar

6. titringur í jarðskorpu sem kemur fram á jarðskjálftamælum (orðið hefur komið mikið fyrir í síðastliðnum mánuði)

8. norskir þættir um fjóra menn í fjórmálageiranum

9. íslenskt stefnumótaforrit

Lóðrétt

1. orkudrykkur sem inniheldur viðbætt collagen

2. framhaldsskóli við kringluna

3. fyrirtæki, hefur slagorðið „einfaldlega betra verð“

5. íslensk þýðing á skírnarnafni Harry bretaprins

7. sérverslun sem selur snus og nikotínpúða



Háskólanám erlendis

á sviði skapandi greina

Lingó er vottaður umboðsaðili á Íslandi fyrir **alþjóðlega fagháskóla** á Englandi, Skotlandi, Þýskalandi, Ítalíu, Spáni, Kanada og Bandaríkjunum.

Nám í slíkum skóla er einstakt tækifæri til að kynnast **suðupotti hugmynda**, stefnum og straumum víða að úr heiminum. Aðstaða og umhverfi er eins og best gerist og **kennarar eru reyndir fagmenn og sérfræðingar**.

Nám erlendis í **hönnun, miðlun, sjónlistum, stjórnun, sviðslistum, tísku, ferðaþjónustu eða viðskiptum,** opnar einnig möguleika á að hitta **„rétta“** fólkið og komast áfram á alþjóðlegum markaði.

OPIÐ fyrir umsóknir

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ • SÍMI 562 2220 • WWW.LINGO.IS

lingo MÁLAMIÐLUN

Sudoku

4		9		8	2		5	6
2		6	4			1		8
				1				4
5					6	8		
			5	4			7	
7	9		8			6		
			9	6	3	4	8	
	7		1	5			6	2
3								9

Ritstjórn mælir með þessum kvikmyndum og þáttum

✍ Penni: Stefán Árni Gylfason

Exit 2 (Útrás 2)
Þættir

Söguþráður: Norskir þættir byggðir á frásögnum fjögurra manna í fjármálageiranum, sem leitast í ofbeldi, eiturlyf og kynlíf til þess að flýja daglegt líf sitt.
Eftir: Øystein Karlsen
Leikstjóri: Øystein Karlsen
Leikarar: Simon J. Berger, Agnes Kittelsen, Pål Sverre Hagen, Tobias Santelmann og Jon Øigarden.
Hægt að sjá þá: ruv.is (sería 1 er því miður ekki aðgengileg á íslandi nema með hjálp VPN þjónustu, ef hún er notuð eru þættirnir sýndir á vefsíðu norska ríkissjónvarpsins.)

Behind her eyes
Þættir

Söguþráður: Einhleyp móðir vingast við eiginkonu yfirmanns síns á sama tíma og hún stendur í framhjáhaldi með honum.
Eftir: Steve Lightfoot.
Leikstjóri: Erik Richter Strand.
Leikarar: Eve Hewson, Tom Bateman, Simona Brown og Robert Aramayo.
Hægt að sjá þá: Netflix

Nomadland
Kvikmynd

Söguþráður: Segir frá Fern, sjötugri konu sem missir allt í kreppunni og leggur af stað í ferðalag á sendiferðabíl.
Eftir: Chloé Zhao
Leikstjóri: Chloé Zhao
Leikarar: Frances McDormand, David Strathairn og Linda May
Hægt að sjá þá: öllum helstu bíóhúsum landsins.

Hvernig á að vera klassa drusla
Kvikmynd

Söguþráður: Um vinkonurnar tvær, Karen og Tönju, sem
Eftir: Ólöfu Birnu Torfadóttur
Leikstjóri: Ólöf Birna Torfadóttir
Leikarar: Ásta Júlía Elíasdóttir, Ylfa Marín Haraldsdóttir, Konni Gotta og Rúnar Vilberg.
Hægt að sjá hana: Bíó Paradís og Smárabíó

Hver drap Friðrik Dór?
Þættir

Söguþráður: Villi Netó leitar að sannleikanum um meint morð á Friðriki Dór
Eftir: Helga Jóhannsson, Hauk Björgvinsson, Eilíf Örn Þrastarson, Hörð Sveinsson og Ólaf Pál Torfason.
Leikstjóri: Helgi Jóhannsson, Haukur Björgvinsson, Eilífur Örn Þrastarson, Hörður Sveinsson og Ólafur Páll Torfason.
Leikarar: Pétur Jóhann Sigfússon, Þórhallur (Laddi) Sigurðsson, Steinþór H. Steinþórsson, Edda Björgvinsdóttir og Sverrir (Sveppi) Sverrison
Hægt að sjá þá: í línulegri dagskrá á sjónvarpi símans og svo er öll serían á símanum premium

Eftirtaldir styrktu útgáfuna

Akrahreppur
Grettistak

HS VEITUR

APÓTEK VESTURLANDS

STOFNUN ÁRNA MAGNÚSSONAR í íslenskum fræðum

Kaldi ÁRSKÓGSSANDUR

SJÓVÁ

Gá Stofnað 1968

KS

VLF HLÍF

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ

MENNTASKÓLINN Á AKUREYRI

FRAMHALDSSKÓLINN Á LAUGUM

nettó
Lægra verð – léttari innkaup

Bakkaflöt River Rafting	Bakkaflöt	560	Varmahlíð
Baugsbót ehf	Frostagötu 13	600	Akureyri
Bifreiðaverkstæði KS	Hesteyri 2	550	Sauðárkrókur
Björn Harðarson	Holti 1	801	Selfoss
Blikkrás	Óseyri 16	603	Akureyri
Bókasafn Reykjanesbæjar	Hafnargötu 57	230	Keflavík
Bókráð bókhaldsstofa	Miðvangi 2-6	700	Egilsstaðir
DMM Lausnir	Iðavöllum 96	230	Keflavík
Fagtækni ehf	Ákalind 6	201	Kópavogur
Fínpússning	Rauðhellu 13	221	Hafnarfjörður
Fjölbrautarskóli Norðurlands	Sæmundarhlíð	550	Sauðárkrókur
Garðabær	Garðatorgi 7	210	Garðabær
Litlalón ehf	Skipholti 8	355	Ólafsvík
Nethamar	Garðavegi 15	900	Vestmannaeyjar
Ó Johnsson & Kaaber	Tunguhálsi 1	110	Reykjavík

Prófaðu
Ökuvísi **frítt**
í 14 daga

Fáðu góða einkunn hjá **Ökuvísi**

Nýja appið veit hvað þú ert góður ökumaður og þess vegna getur það lækkað verðið á tryggingunum!

Nánar á vis.is

ENNEMM / SÍA / NM004768